



Reykjavík

## UNGLINGASMIÐJUR

SKÝRSLA STARFSHÓPS UM ENDURSKIPULAGNINGU ÞJÓNUSTU  
2023



## EFNISYFIRLIT

1. INNGANGUR.....	3
2. HELSTU NIÐURSTÖÐUR.....	5
3. UNGLINGASMIÐJUR .....	6
Þjónustan og þjónustunotendur .....	6
Rekstur unglingsmiðjanna Stígs og Traðar 2022 .....	7
4. FJÖLDI ÞJÓNUSTUNOTENDA SMÍÐJANNA.....	9
Félagsmiðstöðvastarf skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar.....	9
5. NIÐURSTÖÐUR ÚR RÝNIHÓPUM .....	12
Markmið.....	12
Aðferðir og þátttakendur .....	12
Niðurstöður.....	12
Þarfir og upplifun notenda af þjónustunni .....	12
Breytingar á lífi notenda vegna þátttöku í þjónustunni .....	14
Umræður um mögulega lokun þjónustunnar.....	15
6. NIÐURSTÖÐUR ÚR ÞJÓNUSTUKÖNNUNUM.....	17
Áhrif á líðan.....	17
Áhrif á líðan heima og samveru með fjölskyldu .....	17
Áhrif á samskipti og félagslega virkni .....	18
Hvað þýða unglingsmiðjur fyrir þátttakendur? .....	18
7. HAGSMUNAAÐILAGREINING .....	19
Barna- og unglingsageðdeild LSH (BUGL) .....	19
Hugleiðingar unglingsráðgjafa um unglingsmiðjur .....	20
Ánægja með starf unglingsmiðja:.....	20
Það sem betur má fara í starfi unglingsmiðja að mati unglingsráðgjafa: .....	21
Hugmyndir unglingsráðgjafa að breytingum: .....	21
Mikilvægar athugasemdir af hálfu unglingsráðgjafa:.....	21
8. FÓRNARKOSTNAÐUR TIL FRAMTÍÐAR.....	22
9. KOSTNAÐARMAT.....	23
10. NIÐURSTÖÐUR STARFSHÓPS .....	24
11. TILLÖGUR STARFSHÓPS.....	26
12. VIÐAUKAR .....	28
Viðauki 1: Kostnaður vegna fjárhagsaðstoðar og örorkubóta.....	28
Viðauki 2: Undirbúningur fyrir rýnihópa .....	29
Viðauki 3: Skýrsla vegna Rýnihópa .....	36

## 1. INNGANGUR

Skipaður var starfshópur um endurskipulagningu þjónustu við markhóp unglingsmiðjanna þann 11. janúar 2023. Ábyrgðarmaður hópsins er Rannveig Einarsdóttir.

Markmið með stofnun starfshópsins var að leggja fram tillögu um mögulega útfærslu á samþykkt borgarstjórnar um að starfsemi unglingsmiðja verði starfrækt með breyttu fyrirkomulagi.

Á fundi borgarstjórnar þann 6. desember 2022 voru samþykktar 92 tillögur **meirihlutflokka** Samfylkingar, Framsóknar, Pírata og Viðreisnar um hagræðingu í rekstri borgarinnar á næsta ári upp á um annan milljarð króna. Meðal annars er lagt til að **starfsemi unglingsmiðjanna Stígs og Traðar leggist af og markhópi úrræðanna verði sinnt í samstarfi fagfólks félagsmiðstöðva og Keðjunnar sem hluti af Betri borg fyrir börn.** Unglingsmiðjurnar eru hluti Keðjunnar sem veitir fjölskyldum fjölþættan stuðning. Þjónusta við markhóp úrræðanna verður endurskipulögð. Heildarfjárveitingar til þeirra eru 63 m.kr. á ári.

Hlutverk hópsins er eftirfarandi:

- ✓ Að leggja mat á hvaða samlegðaráhrif eru til staðar á milli starfsemi unglingsmiðja/Keðjunnar og frístundastarfs/sértæks frístundastarfs félagsmiðstöðva og hvernig megi ná fram slíkum áhrifum m.a. með þjónustukeðju/brú á milli úrræða.
- ✓ Greina stöðu og þjónustubörf þeirra ungmenna sem nýtt hafa úrræðin síðastliðin tvö ár m.a. með tilliti til þess hvort hópurinn hafi nýtt fyrirbyggjandi frístundaúrræði.
- ✓ Leggja fram kostnaðarmetna tillögu um hvernig megi endurskipuleggja þjónustuna við markhóp unglingsmiðja í samstarfi við skóla- og frístundasvið.

Starfshópurinn skipa:

- ✓ Halldóra Gyða Matthíasdóttir Proppé, framkvæmdastjóri Keðjunnar sem leiðir hópinn.
- ✓ Belinda Karlsdóttir, forstöðumaður unglingsmiðja.
- ✓ Guðrún Halla Jónsdóttir, verkefnastjóri Austurmiðstöð.
- ✓ Sigurlaug H. Traustadóttir, félagsráðgjafi Norðurmiðstöð.
- ✓ Sigríður Rut Hilmarsdóttir, verkefnastjóri á skrifstofu frístundamála í málefnum fatlaðra barna.
- ✓ Þórhildur Rafns Jónsdóttir, deildarstjóri unglingsstarfs í frístundamiðstöðinni Kringlumýri. Þórhildur tók frí á starfstíma hópsins og sat þá Andrea Marel Þorsteinsdóttir, deildarstjóri unglingsstarfs í frístundamiðstöðinni Tjörninni, í hennar stað um tíma.

Starfshópurinn átti að vinna eftirfarandi:

- ✓ Hagsmunaaðilagreiningu sem verður lögð til grundvallar því samráði og samstarfi sem þarf að hafa vegna vinnu hópsins.
- ✓ Leita eftir ráðgjöf eins og þörf er á, innan og utan borgarkerfis, hjá aðilum með sérþekkingu á viðfangsefninu m.a. hjá forstöðumönnum félagsmiðstöðva og deildarstjórum unglingsstarfs og Keðjunnar.
- ✓ Leggja áherslu á samráð við notendahópa.

Starfshópurinn átti að skila ábyrgðarmanni hópsins kostnaðarmetnum tillögum fyrir 31. janúar en hópurinn fékk frest til 07.03.2023.

Starfshópurinn fékk góða aðstoð við undirbúning og framkvæmd rýnihópa frá Sigríði Guðjónsdóttur og Evu Jakobsdóttur, sérfræðingum á þjónustu- og nýsköpunarsviði Reykjavíkurborgar. Ólafía Dögg Ásgeirsdóttir, teymisstjóri og Heiðrún Una Unnsteinsdóttir, verkefnastjóri á velferðarsviði Reykjavíkurborgar greindu niðurstöður úr þjónustukönnunum sem lagðar voru fyrir unglunga og foreldra á árunum 2017-2022. Starfshópurinn þakkar öllum þeim sem komu að vinnunni kærlega fyrir veitta aðstoð.

Einnig þakkar starfshópurinn öllum unglingum og foreldrum sem tóku þátt í rýnihópum, unglingaráðgjöfum á miðstöðvum Reykjavíkurborgar sem og Guðlaugu M. Júlíusdóttur deildarstjóra faghópa á BUGL.

Forsvarsmaður hópsins þakkar starfshópnum fyrir þeirra framlag og gott samstarf. Einnig er öllum þeim sem tóku þátt í yfirllestri á skýrslunni færðar sérstakar þakkir.

## 2. HELSTU NIÐURSTÖÐUR

Þjónustunotendur unglingsmiðjanna eru oft fremur afskiptir unglingar. Það eru fáir sem veita þessum hópi athygli þar sem hann er ekki mjög sýnilegur og athyglin beinist fremur að þeim sem glíma við sýnilegri vanda. Starfsemin er sniðin að þörfum unglinga sem eiga það sameiginlegt að vera félagslega einangruð og glíma við fjölþættan vanda. Meginmarkmið unglingsmiðjanna eru að veita unglingum öruggt rými til að æfa sig í samskiptum, styrkja sjálfsmyndina og stíga út fyrir þægindarammann á sínum forsendum, með það að leiðarljósi að virkja þau til þátttöku í sínu nærumhverfi. Starf unglingsmiðjanna falla vel að lögum um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna og er forvarnargildi þjónustunnar augljóst.

Á árunum 2018 til 2022 voru alls 143 unglingar sem nýttu þjónustu unglingsmiðjanna Stígs og Traðar. Af þeim hefur rúmlega helmingur, 57% verið í eitt ár, 33% í tvö ár og 10% í þrjú ár. Á hverju ári hefur fjöldi þátttakenda í starfsemi Stígs og Traðar verið á bilinu 31 til 53 unglingur. Á sama tímabili voru í heildina 48 ungmenni, 16 ára og eldri, sem nýttu sér unglingsbrúna ýmist í kjölfar útskriftar frá Stíg eða Tröð eða sem nýir þátttakendur.

Almennar félagsmiðstöðvar eru að mjög litlum hluta að mæta þörfum þeirra barna og unglinga sem hafa sótt starfsemi Stígs og Traðar og almennt hafa þær ekki svigrúm til að mæta sértækum þjónustuþörfum þessa hóps, enda að veita fyrsta stigs þjónustu á meðan sértækt starf unglingsmiðja er annars stigs þjónusta samkvæmt lögum um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna.

Á grundvelli þeirra gagna sem hópurinn aflaði er það mat hans að margt bendi til þess að starfsemi unglingsmiðja í dag sé mjög hagkvæmur kostur til að mæta þörfum þeirra ungmenna sem hafa nýtt þjónustu þeirra.

- i. Fyrsta tillaga er að halda starfseminni í óbreyttu formi, en í öflugum samstarfi við skóla- og frístundasvið með því að byggja brú á milli úrræða. Þannig væri hægt að bjóða börnum þjónustu í smiðjunum fyrr, þ.e. í 7. bekk.
- ii. Önnur tillaga er að skerða þjónustuna, með því að fækka fjölda klukkustunda á viku í veittri þjónustu.
- iii. Þriðja tillaga er að nýta ónýttan frístundastyrk til að greiða niður þjónustu og bjóða nærliggjandi sveitarfélögum að nýta þjónustuna gegn gjaldi, svo framarlega sem laus pláss standi til boða.

Hægt er að fara eina leið, eða blanda saman tillögnum hér að ofan.

### 3. UNGLINGASMIÐJUR

Unglingasmiðjurnar Stígur og Tröð eiga sér langa sögu eða allt frá árinu 1977, þegar fyrsta unglungaathvarfið var opnað. Markmiðið var að auka fyrirbyggjandi starf fyrir ungmenni í borginni, með uppeldis- og félagsleg gildi í huga til að efla félagsþroska og virkni<sup>1</sup>. Í kjölfarið var annað unglungaathvarf opnað vegna eftirspurnar, sem svo fengu formlega nöfnin unglingasmiðjurnar Stígur og Tröð árið 2004. Unglingasmiðjurnar eru sértækur félagslegur stuðningur og veita öruggan vettvang fyrir ungmenni á aldrinum 13-18+ ára, sem búsett eru í Reykjavík. Þeim er ætlað að styðja við ungmenni sem eiga í félagslegum erfiðleikum, í þeim tilgangi að rjúfa félagslega einangrun, veita þeim tækifæri til að efla félagsþroska og stuðla að bættri líðan þeirra og heilsu. Unglingasmiðjurnar eru skilgreindar sem annars stigs þjónusta þar sem einstaklingsbundinn og sérhæfður stuðningur er veittur í samræmi við faglegt mat á þörfum ungmenna sbr. Lög um samþætta þjónustu í þágu farsældar barna, sjá [hér](#):

#### Þjónustan og þjónustunotendur

Þjónustunotendur eru oft fremur afskiptir unglingar. Það eru fáir sem veita þessum hópi athygli þar sem hann er ekki mjög sýnilegur og athyglin beinist gjarnan fremur að þeim sem glíma við sýnilegri vanda. Þessir einangruðu og afskiptu unglingar er sá hópur sem unglingasmiðjurnar beina sjónum sínum að og er unglingasmiðjunum ætlað að sinna uppeldis- og meðferðarhlutverki að þessu leyti.

Starfsemin er sniðin að þörfum unglinga sem eiga það sameiginlegt að vera félagslega einangraðir og upplifa samhliða því eitt eða fleiri af eftirtöldu:

- ✓ Hafa orðið fyrir einelti.
- ✓ Vera óframfærin og/eða óvirk.
- ✓ Sýna einkenni kvíða og/eða þunglyndis.
- ✓ Vera með lítið sjálfstraust og slaka sjálfsmynd.
- ✓ Vera með slaka félagsfærni.
- ✓ Búa við erfið uppeldisskilyrði.

Meginmarkmið unglingasmiðjanna eru að veita unglingum öruggt rými til að æfa sig í samskiptum, styrkja sjálfsmyndina og fara í smáum skrefum út fyrir þægindarammann með það í huga að virkja einstaklinginn til þátttöku í sínu nærumhverfi. Það er meðal annars gert með því að vinna út frá reynslunámi og leita leiða til uppbyggilegra lausna, styrkja hópkennd, vinna með traust og virðingu og efla færni í félagslegum samskiptum. Í starfinu er lögð rík áhersla á samráð og valdeflingu einstaklingsins.

Kjarni starfseminnar felst í skipulögðu hópstarfi þar sem þátttakendur 13-16 ára mæta tvö kvöld í viku og 16-18 ára+ eitt kvöld í viku. Þátttakendur æfa sig í samskiptum við jafnaldra með svipaða reynslu og í öruggu umhverfi með virkri þátttöku. Reglulegir fundir eru með hópunum í þeim tilgangi að auðvelda unglingunum að tjá sig af einlægni, auka hæfni þeirra til að setja sig í spor annarra og læra að treysta hvert öðru. Þannig læra þau einnig að segja sína skoðun ásamt því að virða skoðanir annarra. Þá er fengist við ýmis verkefni og fjölbreytta tólmstundaiðju, en dagskráin byggist á hugmyndum og áhuga þátttakenda hverju sinni. Auk þess er lögð áhersla á einstaklingsviðtöl, markmiðasetningu og persónulegan stuðning. Enn fremur er lögð áhersla á samstarf við foreldra, ráðgjafa og fleiri sem að lífi unglinganna koma eins og skóla og aðra þjónustu sem þau nýta.

Frá 2009 hafa unglingasmiðjurnar verið reknar með breyttu sniði vegna hagræðingar. Starfsmönnum var fækkað um einn í hvorri smiðju, frá sex í fimm og tími unglinga stytur úr 10 klukkustundum á viku

---

<sup>1</sup> Félagsþjónustan í Reykjavík, 1977

Í 8,5. Að auki voru stöður tveggja forstöðumanna sameinaðar undir einn forstöðumann. Í kjölfarið hafa unglingasmiðjurnar skipt um húsnæði, til að samnýta húsnæði með annarri þjónustu borgarinnar. Unglingasmiðjan Stígur er nú með aðstöðu að Hverfisgötu 47, í samrekstri með Vin, fræðslu- og batasetri. Unglingasmiðjan Tröð er í Gerðubergi 1, í samrekstri með Dagþjónustunni lðjubergi.

Unglingasmiðjurnar geta veitt allt að 32 unglingum 13-16 ára þjónustu í senn. Einn forstöðumaður er yfir báðum unglingasmiðjunum. Fimm uppeldis- og meðferðarráðgjafar starfa í hvorri smiðju í 36,7% starfshlutfalli og vinna á vöktum mánudaga til fimmtudaga, þ.e. þrír starfsmenn á vakt með hóp hverju sinni sem er lágmarksmönnun til að tryggja öryggi þjónustunotenda. Í hvorri smiðju eru 16 unglingar, í tveimur átta manna hópum ungmenna, og mætir hvor hópur tvö kvöld í viku. Frá árinu 2011 hefur að auki verið starfrækt unglingabru fyrir 16-18 ára+ ungmenni og undanfarin ár hafa þar verið blanda af útskrifuðum unglingum úr yngra starfinu sem og ungmennum sem koma ný inn. Í þeim hópi mæta allt að 25 ungmenni eitt kvöld í viku, þar sem fjórir starfsmenn vinna með hópnum. Þjónustan er veitt í 10 mánuði á ári, frá september til júní.

## Rekstur unglingasmiðjanna Stígs og Traðar 2022

Í töflu 1 hér að neðan er að finna fjárhagsuppgjör unglingasmiðjanna Stígs og Traðar fyrir starfsárið 2022. Laun og launatengd gjöld eru um 83% af heildarkostnaði og annar rekstrarkostnaður um 13%. Annar rekstrarkostnaður felur í sér ýmis konar afþreyingu eins og aðgangseyri að sýningum, fjölbreyttar íþróttir og/eða tólmstundir, fræðsla og/eða handleiðsla tengd starfinu, túlkajónusta, auk rekstrarvara og búnaðar tengdu starfinu. Húsnæðiskostnaður er óverulegur eða um 1%, þar sem um samnýtingu húsnæðis er að ræða í báðum unglingasmiðjunum.

Unglingasmiðjurnar hafa undanfarin ár fengið ríkisstyrk til sumarstarfa eftir C-19, Erasmus plús styrki vegna sértækra verkefna til að safna þekkingu og verkfæra á alþjóðavettvangi í starfi með ungu fólki, samanber; *Theater of the oppressed*, *Once upon your mind: Storytelling*, *Belonging to nature*, *Once upon a Mind* og *Biodiversity Illustrated*. Unglingasmiðjurnar fengu einnig styrk til að setja á fót tilraunaverkefnið millimenningarsmiðju/*Intercultural Youth Center*, til að mæta betur ungmennum með mismunandi menningarlegan uppruna og vinna með menningarnæmi.

Síðastliðið vor tóku unglingasmiðjurnar þátt í samstarfi Rauða kross Íslands, Vesturmiðstöðvar og Alþjóðateymis hjá Reykjavíkurborg sem gekk út á að útvega húsnæði fyrir hópastarf fyrir ungmenni á flóttu, en Rauði krossinn sá um félagsstarf fyrir ungmennin og nýtti tímabundið húsnæði Stígs og Vinjar á Hverfisgötu fyrir hópastarf. Einnig voru starfræktir síðastliðið sumar í fyrsta sinn vinnuskólalópar í Stíg og Tröð, sem var samstarf Vinnuskóla Reykjavíkur og unglingasmiðjanna. Markmiðið var að vinna

með hópi ungmenna sem þurftu félagslegan stuðning. Þangað komu bæði ungmenni úr unglingsmiðjunum sem og ungmenni sem komu frá vinnuskólanum.

Millimenningarþeymi Keðjunnar er auk þess í mjög góðu samstarfi við Alþjóðateymið sem staðsett er í Suðurmíðstöð og með því aukast möguleikar fyrir börn af erlendum uppruna að nýta sér þjónustu smiðjanna.

	Ár 2022		Hlutfall kostnaðar μ
	Stígur F1810	Tröð F1820	
Fengnir styrkir*	- 15.056.766	- 29.106.203	
Laun og launatengd gjöld	36.713.323	57.855.460	83%
Starfsmannakostnaður	541.371	289.408	1%
Ferðakostnaður	532.840	325.738	1%
Matarkostnaður	577.239	1.224.681	2%
Húsnæðiskosnaður*	860.826	411.613	1%
Tölvukostnaður	321.263	-	0%
Annar rekstrarkostnaður	5.430.378	9.146.981	13%
	<b>29.920.474</b>	<b>40.147.678</b>	<b>100%</b>

\*M.a. Erasmus og aðrir ríkisstykkrir

\*Samnýting á húsnæði með öðrum úrræðum

Tafla 1: Rekstur Stígs og Traðar 2022.

\*Launakostnaður forstöðumanns er færður á Tröð, auk þess sem hluti af Erasmus styrkjum bókast sem önnur aðkeypt vinna undir launakostnað (greiðist af styrkjum).

\*\*Hærri matarkostnaður er í Tröð vegna þess að kostnaður unglingsbrúar er kostnaðarfærður þar.

\*\*\*Allur tölvukostnaður fyrir báðar unglingsmiðjur er á Stíg.

\*\*\*\*Annar rekstrarkostnaður í Tröð felur einnig í sér aðra aðkeypta vinnu, aðra sérfræðipjónustu og námskeiðsgjöld vegna Erasmus verkefna.



## 4. FJÖLDI ÞJÓNUSTUNOTENDA SMÍÐJANNA

Á árunum 2018 til 2022 voru alls 143 unglingar sem nýttu þjónustu unglingsmiðjanna Stígs og Traðar. Af þeim hefur um helmingur (57%) verið í eitt ár, 33% í tvö ár og 10% í þrjú ár. Á hverju ári hefur fjöldi þátttakenda í starfsemi Stígs og Traðar verið á bilinu 31 til 53 unglingur.

Á sama tímabili voru í heildina 48 ungmenni 16 ára og eldri sem nýttu sér unglingsbrúna, ýmist í kjölfar útskriftar frá Stíg eða Tröð eða sem nýir þátttakendur. Þátttakendur í unglingsbrú voru á bilinu 17 til 25 að jafnaði hvern vetur. 67% ungmenna nýttu sér starfið í fleiri en einn vetur og því mikil skörun á milli ára. Langflestir þátttakendur koma úr yngra starfi Stígs og Traðar. Unglingsbrúin var fyrst starfrækt á styrkjum en í framhaldinu hefur hún verið rekin innan fjárramma unglingsmiðjanna. Reynslan hefur sýnt fram á að þörfin fyrir þessa framhaldsþjónustu er mjög mikilvæg þegar ungmennin eru að taka fyrstu skrefin inn í framhaldsskóla eða á vinnumarkaðinn.

### Félagsmiðstöðvastarf skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar

Félagsmiðstöðvar Reykjavíkur bjóða upp á frístundastarf fyrir 10-16 ára börn og unglinga. Starfið er skilgreint sem grunnþjónusta (fyrsta stigs) sem er aðgengileg öllum börnum og unglingum sbr. Lög um samþætta þjónustu í þágu farsældar barna, sjá [hér](#):

Stuðningur er veittur í félagsmiðstöðvarstarfi ef þarf og honum fylgt eftir á markvissan hátt. Einstaklingsáætlanir eru unnar fyrir þau börn og unglinga sem þurfa stuðning og er unnið markvisst að markmiðum tengdum félagsfærni, umönnun og líðan í gegnum starfið í hópi barna og unglinga. Ekki eru unnið með maður á mann stuðning í almennu félagsmiðstöðvarstarfi. Í félagsmiðstöðvum er unnið í klúbbum, sértæku hópastarfi, opnu starfi og tímabundnum verkefnum. Félagsmiðstöðvar eru starfandi allt árið fyrir utan mánaðarlokun á sumrin.

Þrjár sértækar félagsmiðstöðvar eru einnig starfandi í Reykjavík sem veita fötluðum börnum í 5.-10. bekk þjónustu sem stunda nám í almennum skólum og Brúarskóla. Inntökuskilyrði er að barn sé í umönnunarflokki 1-3 skv. skilgreiningu Tryggingastofnunar. Opnunartími sértæku félagsmiðstöðvanna er alla daga eftir að hefðbundnum skóladegi lýkur sem og í skólafríum eins og lög kveða á um.

Í sértæku starfi almennra félagsmiðstöðva er unnið í um það bil 15 manna hópum með 2 starfsmönnum í afmörkuðum verkefnum. Sértækt hópastarf snýst oftast um að vinna í sjálfsefningu, sjálfsmynd, vináttuþjálfun og hegðun. Yfirleitt er um að ræða óæskilega menningu sem verið er að vinda ofan af eða vinna sérstaklega með í hópi þeirra unglinga sem sækja sína félagsmiðstöð hverju sinni og/eða tengjast viðkomandi hópi eða árgangi þess eða þess skóla sem tengist viðkomandi félagsmiðstöð. Sértækt hópastarf snýst þannig að mestu um að vinna með sjálfsefningu, bæta líðan innan viðkomandi hóps, koma á umburðarlyndi, virkni og almennt vinna með samskipti. Sértækt hópastarf er ekki alltaf í gangi heldur er það starfrækt eftir þörfum hvers skólahverfis í um það bil 4-8 vikur hverju sinni.

Munurinn á sértæku hópastarfi almennra félagsmiðstöðva og því sértæka starfi sem Stígur og Tröð bjóða upp á er að í Stíg og Tröð koma einstaklingar víða að úr Reykjavík. Þar er einnig verið að veita ungmennum þjónustu til 18+ ára aldurs á meðan félagsmiðstöðvar veita þjónustu til 16 ára aldurs. Oft hafa viðkomandi ungmenni reynt að taka þátt í t.d. sértæku hópastarfi innan sinnar félagsmiðstöðvar en þar sem líðan viðkomandi er það slæm í skólaumhverfinu og með skólafélögnum næst takmarkaður árangur af sértæku félagsmiðstöðvarstarfi í almennum félagsmiðstöðvum með þeim einstaklingum.

Enginn heildstæður gagnagrunnur er til varðandi mætingar í allt starf félagsmiðstöðva. Ekki er farið fram á formlega skráningu á almennar opnanir fyrir 8.-10. bekk. Í sértækt hópastarf félagsmiðstöðva,

vinnuskólahópa, félagsmiðstöðvaval og annað starf sem félagsmiðstöðvar vinna með einstaklingum og/eða hópum er ekki skráð í gegnum mætinga- eða skráningarkerfi heldur er haldið utan um slíkar upplýsingar af hverjum og einum forstöðumanni.


Starfsmenn félagsmiðstöðva halda utan um mætingar á hverjum stað en á opnunum eru börn og unglingar að koma og fara allan opnunartímann svo það er möguleiki að ekki sé merkt við alla sem mæta hverju sinni. Þar sem eingöngu hluti mætinga eru skráðar í kerfi er einnig hætt á að gögn glattist eftir því sem þau eldast og/eða þegar endurnýjun verður í starfsmannahópi og meðal stjórnenda í hverri félagsmiðstöð.

Forstöðumenn félagsmiðstöðva í Reykjavík fóru yfir fyrirliggjandi gögn út frá viðkomandi borgarhluta. Forstöðumenn almennra félagsmiðstöðva hafa verið mislengi í starfi eða allt frá nokkrum mánuðum upp í meira en 10 ár. Forstöðumenn hafa þar af leiðandi mismikla þekkingu á raunverulegri þátttöku og virkni þeirra sem hafa tekið þátt í starfinu sl. ár. Við úrvinnslu tölfræðiupplýsinga verður að taka tillit til að mögulega eru fleiri skráðir með litla sem enga mætingu þar sem gögn gætu hafa glatast og minni forstöðumanna nær ekki alltaf langt aftur í tímann.

Út frá þeim gögnum sem liggja til grundvallar kemur í ljós að 25% þeirra unglunga sem tóku þátt í starfi Stígs og Traðar á árunum 2018-2022 hafa verið virkir þátttakendur í starfi félagsmiðstöðva á einhverjum tímamarki í lífi sínu. Virkir þátttakendur eru skilgreindir með þeim hætti að barn/unglingur mætir að lágmarki 1-2 sinnum í viku yfir lengri tíma, t.d. eina önn, eitt skólaár, eitt sumar og/eða sértækt hópastarf sem nær að lágmarki yfir 6-8 vikur. Í einhverjum tilvikum mættu unglungarnir til skamms tíma, til dæmis á meðan viðkomandi bjó í ákveðnu hverfi, en stundum var um að ræða ákveðið skólaár og í einstaka tilvikum var um að ræða allan þann tíma sem viðkomandi hafði aldur til að mæta í félagsmiðstöð. Einnig kemur fram að tæplega 25% unglunganna hafa lítið sem ekkert tekið þátt í almennu starfi félagsmiðstöðva og 50% unglunganna tók aldrei þátt í almennu starfi félagsmiðstöðva. 10% þeirra unglunga sem hafa verið í Stíg og Tröð hafa tekið þátt í sértæku hópastarfi almennra félagsmiðstöðva, ýmist í vetrar- og/eða sumarstarfi.

Niðurstöður Rannsóknar og greiningar frá árinu 2022 sýna að 40-50% unglunga í 8.-10. bekk á landsvísu mæta í sína félagsmiðstöð vikulega eða oft ( <https://rannsoknir.is/wp-content/uploads/2022/04/Ungt-Folk-8.-til-10.-bekkur-2022-Landid.pdf>) og niðurstöður sömu stofnunar frá 2021 sýna að 42% barna í 5.-7. bekk mæta í sína félagsmiðstöð ( <https://rannsoknir.is/wp-content/uploads/2022/02/5-til-7-bekkur-landid-2021.pdf>). Ef tölur eru skoðaðar eingöngu fyrir Reykjavík á tímabilinu 2021-2022 kemur fram að 51% barna í 5.-7. bekk mæta í sína félagsmiðstöð og 58% unglunga í 8.-10. bekk [SFS í tölum - 2021 - Infogram](#).

Það er því óhætt að segja að regluleg þátttaka þeirra unglunga sem hafa tekið þátt í starfi unglungamiðjanna Stígs og Traðar sl. ár í almennu félagsmiðstöðvastarfi er töluvert fyrir neðan meðallag.



Mynd 1: Pátttaka unglunga S&T frá 2018-2022 í starfi almennra félagsmiðstöðva.

Sex prósent þeirra unglunga sem hafa verið í Stíg og Tröð á árunum 2018-2022 hafa verið skráð í starf sértækra félagsmiðstöðva, flest hafa eingöngu tekið þátt í því starfi til skamms tíma, nokkrar vikur, eitt eða tvö sumur, eina til fjórar annir en tvö börn voru skráð í 6 til 8 annir. Það er því óhætt að fullyrða að sértækar félagsmiðstöðvar sem ætlaðar eru fötluðum börnum eru ekki ná yfir þjónustuparfir þeirra unglunga sem hafa sótt starf Stígs og Traðar.

## 5. NIÐURSTÖÐUR ÚR RÝNIHÓPUM

### Markmið

Markmið með notendasamráði um unglingsmiðjur eru þrjú. Í fyrsta lagi, að öðlast skilning á þörf notenda fyrir þjónustunni og upplifun af henni, frá umsókn og yfir allt þjónustuferlið. Í öðru lagi, að áhersla sé lögð á að skilja áhrif unglingsmiðja á líf notenda, s.s. félagslega stöðu, líðan, fjölskyldu og nám út frá hvaða þættir þjónustunnar notendur og foreldrar upplifa að hafi gagnast best. Í þriðja lagi, að skilja hvaða þættir gera unglingsmiðjur frábrugðnar öðrum úrræðum sem standa notendahópnum, félagslega einangruðum unglingum, til boða.

### Aðferðir og þátttakendur

Þrjú rýnihópar voru settir saman með notendum þjónustunnar og foreldrum þeirra. Notendum var skipt upp í tvo hópa eftir hvort þau sækja þjónustu í unglingsmiðju eða unglingsbrú. Hvor hópur notenda var boðaður í eins og hálf tíma lotu af rýnihóp þriðjudaginn 24.01.2023 en foreldrum/forsjáraðilum var boðið að mæta daginn eftir, miðvikudaginn 25.01.2023 í jafn langa lotu. Þátttakendur voru samtals 23. Þrjú þátttakendur á aldrinum 14-17 ára mættu í yngri hópinn en í eldri hópinn mættu níu þátttakendur á aldrinum 16-20 ára. Ellefu þátttakendur mættu í rýnihóp foreldra.

Aðferðir tóku mið af því að ýmsir í notendahópnum geta átt erfitt með að tjá sig í hóp. Í rýnihóp unglinga voru því nýttar æfingar og kveikjur úr aðferðafræði notendamiðaðrar hönnunar sem miða að því að skapa aðstæður þar sem allir geta deilt upplifun sinni á hátt sem þeim líður best með, hvort sem það er upphátt, skriflega eða á myndrænu formi. Opnað var á samtal með dæmisögu til að fá þau til að setja sig í spor unglings sem hefur glímt við félagslega einangrun og til að hafa dæmi til að vísa í í næstu æfingu. Seinni æfingin gekk út á að fá þau til að deila sínu notendaferðalagi með því að svara á post-it miða sem þau hengdu upp til að lýsa hvernig þeim leið, hvað þau hugsuðu og hvað þau gerðu á ólíkum tímapunktum í þjónustuferlinu. Voru þau hvött til að nota broskalla (*emoji*) ef þau áttu erfitt með að koma upplifun sinni í orð. Var notendaferðalagið svo nýtt sem kveikja af frekari umræðum og spurningum til að fylgja eftir því sem þau deildu á vegginn.


Rýnihópur foreldra var hálfstaðlaður og umræður voru lauslega byggðar í kringum fyrirfram ákveðnar spurningar tengdum framangreindum markmiðum en leyft að þróast gegnum umræðurnar, sjá nánar í viðauka 2.

### Niðurstöður

Eftirfarandi er samantekt á svörum við helstu rannsóknarmarkmiðum og spurningum. Í samantekt eru svör greind þvert á rýnihópina en ítarlegri útlistun á niðurstöðum fyrir unglingshópina og foreldrahópinn má finna í viðauka 2.

### Þarfir og upplifun notenda af þjónustunni

Þarfagreining var framkvæmd með því að greina meginþemu þeirra þarfa notendahópsins sem komu fram í rýnihópum, þvert á hópina. Í þarfagreiningu kom fram eitt yfirþema sem tengdist öllum þemunum og það var þörfin fyrir öruggt rými eða samastað (*safe space*). Undirþemu í þörfum sem öll tengdust eru þörfin fyrir að tilheyra, þörfin fyrir stuðning og hvatningu og þörfin fyrir ramma/fyrirsjáanleika, sjá myndræna framsetningu á mynd 2.



Mynd 2: Þarfagreining.

### Yfirþema - Þörfin fyrir öruggt rými

Starfsemin uppfyllir þörf unglunga fyrir öruggt rými þar sem þau upplifa traust og trúnað til að vera þau sjálf. Lykilatriði er að aðgengi að smíðjum sé stýrt, þar sem þjónustan er einstaklingsmiðuð og ekki opin öllum. Krakkarnir geta því ekki átt von á að einhver sem hefur lagt þau í einelti mæti eða „dæmi fyrir að vera öðruvísi,“ heldur hitta þau unglunga í sambærilegri stöðu. Þau upplifa sálfræðilegt öryggi meðal jafningja sinna. Starfsfólk á einnig stóran þátt í að byggja upp öruggt rými og byggja upp traust með jafningjanálgun í starfi. Umhverfi smíðjanna er hlýlegt og þægilegt, þar sem ekki eru of stórir hópar eða læti. Er það þvert á upplifun af almennum félagsmiðstöðum sem notendur upplifa ekki sem örugg rými af því að þar getur hver sem mætt og fjöldi og skynáreiti veldur óþægindum.

Foreldrar telja að það skipti máli að börnin séu tekin úr því umhverfi sem þau eru í dagsdaglega og upplifa vanlíðan í. Það skiptir máli að umhverfið sé heimilislegt en ekki klínískt umhverfi. Sum börn eru ekki tilbúin til að viðurkenna að þau eigi við félagslegan vanda að stríða og telja sig því ekki þurfa á hefðbundinni hjálp að halda, s.s. hjá sálfræðingi. Fyrir þá krakka sérstaklega skiptir því máli að andrúmsloftið í starfseminni sé ekki stofnanalegt, svo þau séu frekar tilbúin til að samþykkja að gefa úrræðinu tækifæri.

### Þörf fyrir að tilheyra

Notendur þjónustunnar hafa, líkt og aðrir, þörf fyrir að tengjast öðrum og tilheyra. Áður en þau byrjuðu voru þau félagslega einangruð og lýstu nokkrir í hópi notenda hvernig þeim hefði langað að kynna öðrum og eignast vini en vissu ekki hvernig þau færu að því. Þau ýmist höfðu reynt en ekki tekist til, eða ekki þorað að taka skrefið, svo sem vegna vantrausts í garð annarra.

Það skiptir máli að hitta krakka í sambærilegri stöðu sem eru jafnaldrar í öruggu umhverfi. Flestir hafa upplifað sig utangarðs, en það hefur ekki verið raunin í starfi smíðjanna. „Mér leið svo illa og að ég væri ein en svo kom ég og fattaði að það væru fleirum sem liði svona og ég var ekki ein.“

Í starfseminni er búið að skapa hóp jafningja og vettvang fyrir félagsleg tengsl, samtöl og samveru. Þau fá þar aðstoð við að kynnast krökkum og það utanumhald í hópamyndun sem foreldrar telja að hvergi sé annars til staðar.

Í umræðum í rýnihóp unglunga sagði einn þátttakandi að „Í félagsmiðstöð er búið við því að þú eigir vini en ég á enga“ og fleiri tóku þá undir. Aðrir þátttakendur í hópi notenda og foreldra voru sammála um að stór hindrun við þátttöku í almennum félagsmiðstöðvum sé að þar mæti vinahópar saman, sem þau tilheyra ekki.

#### *Þörf fyrir ramma/fyrirsjáanleika*

Unglingar í rýnihópi töluðu um að þeim þætti mikilvægt að fá að vita fyrirfram í sms-i hvað væri á dagskrá. Það væri alltaf plan a og plan b kynnt fyrirfram, sem veitti þeim öryggi. Þau taka jafnframt þátt í að móta dagskrána. Í venjulegri félagsmiðstöð sé ekki fyrirfram plan sent á þau til að hvetja þau til að mæta og dagskrá ekki sniðin af þeirra þörfum. Þörf fyrir fyrirsjáanleika birtist einnig í því hverjir mæta í smiðju, en eins og áður kom fram skiptir máli að það mætir ekki einhver sem sviptir þau öryggistilfinningunni.

#### *Þörf fyrir stuðning/hvatningu*

Notendur hafa þörf fyrir stuðning við ýmsa hluti sem þau eru að glíma við sem hindra þau í daglegu lífi og samskiptum. Almennt þurfa þau öll vissulega aðstoð við að auka félags- og samskiptafærni. Auk þess glíma mörg þeirra við andleg veikindi, s.s. félagskvíða og þunglyndi og afleiðingar áfalla, s.s. eineltis, sem viðheldur félagslegri einangrun og forðun. Þau þurfa því mikla hvatningu að mæta og að þau upplifi skilning vegna veikindanna. Skiptir þá einnig máli að þau upplifi að það sé skemmtilegt að mæta og spilar þar inn í að þau fá að hafa áhrif á dagskrána. Að lokum fá þau færi til að efla færni í ýmsum hversdagslegum áskorunum sem þau myndu annars ekki hafa, eins og að ákveða saman hvað er í matinn, fara í búð og borða í kringum aðra, leysa ágreininga og að taka strætó í nýjar aðstæður. Foreldrar töldu það stóran kost sem úrræðið hefur umfram önnur úrræði að þau leysa áskoranir í hversdagslegum aðstæðum og að starfsfólk sé gott að grípa inn í og leysa málin jafnóðum.

Unglingarnir töluðu einnig jákvætt um starfsfólkið, að „starfsfólki er ekki drullusama eins og í venjulegum félagsmiðstöðvum“. Þau upplifa að starfsfólk félagsmiðstöðva sé bara að mæta í vinnuna en í smiðjum og brúnni mætir starfsfólk af því þeim þykir raunverulega vænt um þau. Fyrir þeim er þetta ekki bara hver önnur vinna. Það nefndu sumir að það hjálpi að sumir starfsmenn hafi sjálfir verið í smiðju þegar þeir voru yngri svo þau tengja við og treysta þeim.

#### *Breytingar á lífi notenda vegna þátttöku í þjónustunni*

Notendur hafa upplifað ýmsar breytingar í lífinu eftir að hafa byrjað í unglingsmiðju/brúnni og voru allir foreldrarnir jafnframt sammála um að hafa séð breytingar á börnum sínum eftir að þau byrjuðu í þjónustunni. Sameiginlegir þættir breytinga sem bæði notendur og foreldrar töluðu um voru: 1) Aukið sjálfsöryggi og félagsfærni, 2) Bætt líðan og andleg heilsa og 3) Aukin virkni og frumkvæði. Foreldrar töldu að breytingar mætti að stórum hluta rekja til að þau væru ekki jafn einangruð, ættu nú vini og samastað í unglingsmiðjunni/brúnni.

#### *Sjálfsöryggi og félagsfærni*

Stærsta þemað sem kom fram í þeim breytingum sem notendur lýstu að þau hefðu upplifað var aukið sjálfsöryggi í samskiptum. Þau ættu auðveldara með að kynnast nýju fólki og eiga í samskiptum. Það hefði orðið stór breyting við það að uppgötva að þau væru ekki ein og að nú ættu þau „loksins vini“. Hér er dæmi um það sem einn þátttakandi hafði að segja um breytingarnar sem hún upplifði: „Ég var mjög hrædd, feimin og kvíðin manneskja og nú er ég breytt manneskja. Ég tala við mikið af fólki „randomly“ og á létt með að eignast vini og er bara ánægð.“

Nokkrir lýstu hvernig þrátt fyrir að hafa upplifað vantraust og ótta við höfnun í byrjun fóru þau að treysta fólki í smiðjunni eftir því sem leið á. Einn notenda sem deilt hafði takmörkuðum væntingum í garð úrræðis í upphafi komst svo að orði: „Þetta var eitthvað sem mig vantaði en ég vissi það ekki og sé það núna. Það hefði hjálpað vini mínum að fara í brú. Ég finn að ég er miklu betri félagslega núna og hann væri örugglega betri ef að hann hefði líka farið“.

Foreldrar sammæltust einnig um að þau sæju mun á samskiptum barna við aðra, heima fyrir og í skóla. Þau upplifðu að börn þeirra hefðu nú betri tól til að tjá sig og þarfir sínar. Sem dæmi um bætt samskipti lýsti foreldri hvernig barn sitt, sem fyrir var lokað og oft árásargjarnt í hegðun, hefði einn daginn komið heim og spurt: „Hvernig hefurðu þú það í dag pabbi minn?“ „Hvað gerðu þau eiginlega við barnið mitt?“

#### *Bætt líðan og andleg heilsa*

Flestir notendur voru lagðir í einelti í skóla, og mörg glímdu við andleg veikindi eins og þunglyndi, kvíða og félagsfælni, stunduðu sjálfskaða eða voru með alvarlegar sjálfsvígshugsanir áður en þau byrjuðu í unglingsmiðju/brúnni.

Notendur töluðu um að hafa upplifað jákvæðar breytingar á líðan og andlegri heilsu, svo sem minni félagsfælni og forðun.

Eitt foreldri sagðist geta gengið svo langt að fullyrða að hún væri ekki viss um að barn sitt væri á lífi í dag ef ekki væri fyrir úrræðið og tóku þá fleiri undir þá upplifun.

Foreldrar deildu ýmsum sögum um jákvæð áhrif á geðræn vandamál, svo sem á þunglyndi, kvíða og sjálfskaða. Foreldri sagði frá hvernig barnið sitt hefði ekki lengur þurft á kvíðalyfjum að halda eftir nokkra mánuði í unglingsmiðju. Annað sagði að barn sitt hefði hætt alveg að stunda sjálfskaða, sem hafði verið alvarlegur vandi og ekkert annað úrræði hefði borið árangur. „Barnið mitt vill halda áfram að lifa.“ Almennt væri líðan betri, þau sæju meiri lífsgleði og hamingju.

#### *Aukin virkni og frumkvæði*

Almennt töluðu notendur um að þau væru ekki jafn mikið „ein heima að leiðast“, hefðu meira að gera og væru „uppátækjasamari.“ Þau ættu auðveldara með að sýna frumkvæði í samskiptum, hefja samtöl og reyna að kynnast og hitta vini. Einn notandi tjáði það á eftirfarandi máta: „Ég vissi að ég gæti spurt meira hvort einhverjir vilji vera vinir.“

Foreldrar töluðu einnig um breytingar sem þau sáu í virkni og frumkvæði barna sinna. Þau væru betri í umgengni, virkari heima fyrir og sýndu aukið frumkvæði í að hjálpa til við heimilisstörf. Aukin virkni birtist einnig í bættum námsárangri en sumir foreldra töluðu um að hafa séð töluverðan mun á námsárangri. Til dæmis var foreldri sem lýsti því að einkunnir ruku úr þremur í sjö eftir að hafa verið í úrræðinu í nokkra mánuði.

#### *Umræður um mögulega lokun þjónustunnar*

Áhyggjur af hvað yrði um þjónustuna setti mikinn svip á umræður rýnihópa. Eldri hópur unglinga sérstaklega hafði margar spurningar um mögulega lokun. Sumir lýstu kvíða og hræðslu yfir hvað gerist þegar þau hætta, svo sem hræðslu yfir að detta í gamalt far, verða aftur ein og missa tengslin. Þau skildu ekki af hverju ætti að loka svona mikilvægri þjónustu, meðan ekkert annað væri í boði. „Erum við ekki framtíðin?“ Þau deildu áhyggjum sínum af hvað yrði um þjónustuna og sýndu mikinn vilja til að skilja hvort eitthvað sem hægt væri að gera til að koma í veg fyrir lokunina. Þau veltu upp leiðum til að vekja athygli á þessu „Mig langar að fjölmiðlar tali um [að eigi að loka smiðjum] eins og "svali er að hætta" að þetta sé út um allt, allir viti.“ Skilaboð hópsins voru skýr: „Ekki loka, þetta bjargar svo mörgum.“

Í foreldrahópnum kom einnig fram mjög mikil óánægja með fyrirhugaða lokun og lýstu því uppnámi sem þetta óvissuástand hefði komið börnum sínum í, tilfinningum eins og reiði, kvíða og höfnun. Foreldrar töluðu um að upplifa að þeir aðilar sem taka ákvarðanir um niðurskurðinn viti ekki almennilega út á hvað úrræðið gengur í ljósi tillaga um að færa þjónustuna inn í „venjulegar“ félagsmiðstöðvar. Eins og greint var frá hér að ofan, telja foreldrar fullvíst að það muni aldrei ganga fyrir þennan hóp og tillagan beri vott um vanþekkingu á viðkæmum notendahópi. Að ekkert sambærilegt úrræði sé í boði sem mæti þörfum notendahópsins um að kynnast jafnöldrum og byrja að treysta.

Að sama skapi upplifa foreldrar að það skorti skilning á hversu mikið sé í húfi fyrir þá sem sækja þjónustuna, sem sé „líflína barnanna og að þarna eru raunveruleg líf í húfi.“ „Þessi börn eru ekki bara tölur í excel skjali.“



## 6. NIÐURSTÖÐUR ÚR ÞJÓNUSTUKÖNNUNUM

Á árunum 2017-2019 og 2021-2022 voru lagðar fyrir kannanir meðal unglunga sem tóku þátt í unglingsmiðjum við lok þátttöku hvert ár. Á árunum 2017-2019 svöruðu foreldrar einnig könnun. Eftirfarandi samantekt á niðurstöðum kannana er unnin af teymi árangurs- og gæðamats á velferðarsviði. Frá árinu 2021 hefur teymi árangurs- og gæðamats borið ábyrgð á gerð spurningalista og úrvinnslu niðurstaðna.

Ár	Fjöldi þátttakenda í könnun		
	Foreldrar	Unglingar	Svarhlutfall unglunga
2017 (Tröð og Stígur)	19	8	22%
2018 (Tröð og Stígur)	16	15	38%
2019 (Tröð og Stígur)	24	5	13%
2019 (Unglingabréu)		4	22%
2021 (Stígur)		5	31%
2022 (Stígur)		8	44%
2022 (Unglingabréu)		13	59%

Tafla 2: Fjöldi þátttakenda í könnun á hverju ári og svarhlutfall meðal unglunga.

### Áhrif á líðan

Meirihluti unglunga sem hafa tekið þátt í unglingsmiðjum telja að þátttakan hafi haft góð áhrif á líðan sína. Öll árin taldi á bilinu 75–100% unglunganna líðan sína hafa batnað. Einnig taldi meirihluti foreldra líðan barnsins síns hafa batnað (á bilinu 56 – 91% foreldra milli ára).

Um helmingur unglunga (40-69%) taldi líðan í skóla einnig hafa batnað vegna þátttöku í unglingsmiðju. Árin 2017-2019 taldi um helmingur foreldra (48-56%) að hegðun unglings í skóla hafi batnað og á bilinu 30-44% foreldra töldu að námstaða barns hafi einnig batnað.

### Áhrif á líðan heima og samveru með fjölskyldu


Meirihluti unglunga töldu þátttöku sína hafa haft góð áhrif á líðan heima fyrir. Öll árin að undanskildu 2022 taldi á bilinu 50–80% unglunga líðan sína heima hafa batnað. Árið 2022 var 20% unglunga sem taldi líðan sína heima hafa batnað en 80% sögðu hana óbreytta. Einnig sögðu á bilinu 25–50% unglunga oftara gera eitthvað með fjölskyldunni sinni (ekki spurt árin 2021-2022).

Að mati foreldra batnaði hegðun meirihluta unglunga (67-83%) og einnig samskipti við fjölskyldu hjá um helmingi unglunganna (50–65%). Árin 2017-2018 töldu allir foreldrar úrræðið mjög eða frekar gagnlegt en árið 2019 taldi 96% foreldra úrræðið gagnlegt.

## Áhrif á samskipti og félagslega virkni

Meirihluti unglunga taldi þátttöku sína hafa haft góð áhrif á samskipti. Öll árin taldi á bilinu 60–100% unglunga samskipti sín hafa batnað eftir þátttöku í unglingsmiðju. Eftir þátttöku árin 2017-2019 sögðust sumir unglingar oftast sækja í félagsmiðstöð/félagslíf (33–75%), fara í sund (20–50%), hitta aðra unglunga utan skóla (20–63%), mæta á viðburði (50–75%) eða iðka tólmstundir (0–27%).

Að mati 44% foreldra hafði félagsleg staða unglings í skóla batnað árin 2017 og 2018. Árið 2019 töldu 63% foreldra félagslega stöðu unglings í skóla hafa batnað.



Mynd 3: Hlutfall unglunga sem töldu eftirfarandi þætti hafa batnað eftir þátttöku í Tröð og Stíg.

## Hvað þýða unglingsmiðjur fyrir þátttakendur?

„Staður þar sem að ég þroskaðist og gat eignast góða vini.“

„Það er svoleiðis smiðja sem ef krakkar eru með kvíða eða eitthvað svoleiðis og eiga ekki marga vini eða hafa þunglyndi og vilja ekki gera neitt í málinu sem er slæmt þá er unglingsmiðjan til staðar að hjálpa krökkum sem eiga vanda í skólanum, heima hjá sér eða með vinum. Það er Stígur og Tröð til staðar.“

„Það bjargaði líf mitt svo það þýðir margt.“

„Mér líður betur og ég tala meira við alla.“

**Foreldri:** „Framfarirnar í samskiptum við aðra unglunga hefur gjörbreyst og sjálfálitið lagast úr engu í að geta leyft sér að vera hann sjálfur með vinum.“

Myndræna samantekt á niðurstöðum kannana má sjá [hér](#):

## 7. HAGSMUNAAÐILAGREINING

Hagsmunaaðilar barna á aldrinum 13-18 ára sem eru markhópur unglingsmiðjanna eru fjölmargir. Samkvæmt lögum um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna er mikilvægt að horfa á alla sem koma að því að mæta þörfum barna og fjölskyldna.

Hér að neðan eru taldir upp nokkrir aðilar, en ekki er um tæmandi lista að ræða.

- ✓ Börnin og ungmennin sjálf.
- ✓ Foreldrar/forsjáraðilar þeirra.
- ✓ Systkini og stórfjölskylda (út frá betri líðan á heimili og í samskiptum).
- ✓ Skólinn varðandi mætingu og líðan. Kennarar, námsráðgjafar, þroskaþjálfar og aðrir starfsmenn sem þekkja til barnsins innan skóla sem og starfsmenn félagsmiðstöðva.
- ✓ Bekkjarfélagar og foreldrar bekkjarfélaga (hvað varðar samskipti, félagsfærni, mögulega einelti).
- ✓ Félagsráðgjafar, ráðgjafaproskaþjálfar og unglingsráðgjafar.
- ✓ Framhaldsskólar (þau skila sér betur þangað inn).
- ✓ Atvinnumarkaður (sama, skila sér betur í virkni).
- ✓ Tryggingastofnun (ólíklegri til að fara á örorku við 18 ára aldur).
- ✓ Velferðarkerfið (ólíklegri til að þurfa fjárhagsaðstoð eða annan stuðning).
- ✓ Heilbrigðiskerfið (þurfa síður á þjónustunni að halda svo sem hjá BUGL, Barnaspítala, geðdeildum o.s.frv.).
- ✓ Hitt Húsið, Fjölsmiðjan, PEERS námskeið (PEERS námskeið og unglingsmiðjur er gott teymi því þau fá heimavinnu af námskeiðinu sem þau geta þjálfað sig í í smiðjunum og því mikilvægt að þessir aðilar vinni saman).

Samþætting allra hagsmunaaðila skiptir gríðarlega miklu máli þegar um heiltæka nálgun í farsæld barna og ungmenna er að ræða.

### Barna- og unglingsageðdeild LSH (BUGL)

Haft var samband við Guðlaugu M. Júlíusdóttur, deildarstjóra faghópa hjá BUGL til að fá mat hennar sem hagsmunaaðila á þjónustu smiðjanna. Að sögn Guðlaugar þá er innlagn á BUGL eitt dýrasta úrræði landsins og væri mikill sparnaður fyrir samfélagið að nýta önnur ódýrari úrræði ef mögulegt er. Guðlaug segir unglingsmiðjurnar ekki vera félagsmiðstöð heldur virkni- og meðferðarúrræði og mikilvægt að líta á þær þannig því smiðjurnar sinni öðru hlutverki en félagsmiðstöðvar gera. Þar sé lögð áhersla á fleiri þætti hvað varðar að bæta líðan og félagsleg samskipti sem skipti sköpun fyrir heilbrigði ungmennanna sem þangað sækja.

Guðlaug sagði einnig: „Með viðvarandi félagslegri einangrun, geta börnin þróað með sér geðræna sjúkdóma. Það er sem sagt hægt að stöðva þessa félagslega einangrun með því að grípa fyrr inn í og veita viðeigandi stuðning eins og smiðjurnar eru að veita.“

Einn af jaðarhópum, eins og transbörn sem eru oft félagslega einangruð hafa verið að leita í æ ríkara mæli í smiðjurnar. Þau eru þá oft með fjölþættan samþættan vanda, að sögn Guðlaugar og bætir við: „Tilvísunum til BUGL vegna barna í kynáttunarfanda hefur fjölgað um 300% á milli árána 2021 og 2022.“

Flestir þátttakendur í unglingsmiðjunum eru með greiningu, þá helst ADHD, á einhverfurófinu og/eða kvíðaröskun. Einnig eru sum ungmenni greind með mótþróaþrjóscuröskun, tengslaröskun og/eða þunglyndi. Aukning hefur orðið á tilvísunum vegna ungmenna með greiningar almennt og ungmennum sem eiga til að mynda í kynáttunarvanda og ungmennum af erlendum uppruna sem upplifa sig einangruð félagslega. Þátttakendur í starfi unglingsmiðjanna eiga það öll sameiginlegt að glíma við félagslega einangrun og aðrar áskoranir að auki, hvort sem er tengt greiningum, upplifun í félagslegu umhverfi, erfiðar fjölskylduaðstæður eða annað. Unglingsmiðjurnar hafa mikið forvarnargildi, þar sem flestir þátttakendur eiga í hættu á frekari félagslegum og/eða andlegum erfiðleikum síðar í lífinu, að hætta í námi og annarri virkni. Þau eiga í hættu á að fara á mis við mörg tækifæri vegna stöðu sinnar sem síðar kemur niður á þeirra möguleikum til að vera virkir þátttakendur félags- og menningarlega í samfélaginu.

Starf unglingsmiðjanna er sértækara en almennt starf félagsmiðstöðva, þar er skapað umhverfi sem valdeflir þátttakendur með fjölbættan vanda til að takast á við þær fjölmörgu áskoranir sem fyrir þeim standa í lífinu á þeim tímapunkti. Starfið er einn hlekkur í keðjunni til að auka tækifæri þeirra til betri samskipta, efla frumkvæði og sjálfstæði, stuðla að bættri líðan og sterkari sjálfmynd. Starfið er unnið í samstarfi við foreldra, ráðgjafa á þjónustumiðstöðvum, skóla og fleiri sem að þeim koma og eftir þörfum. Þarfir þjónustunotenda geta verið mjög flóknar og því mikilvægt að þau geti átt sér samastað þar sem þau treysta, mæta á eigin forsendum og efla sig á allan mögulegan hátt í litlum hópi þar til þau treysta sér til að taka stærri skrefin í sínu nærumhverfi.

### Hugleiðingar unglingaráðgjafa um unglingsmiðjur

Tekið var viðtal við unglingaráðgjafa (sem eru félagsráðgjafar sem sinna unglingsum og þeirra fjölskyldum) úr öllum hverfum borgarinnar til að heyra þeirra sjónarmið á starfi unglingsmiðja. Hér að neðan eru helstu niðurstöður úr þeim viðtölum.

#### Ánægja með starf unglingsmiðja:

- ✓ Unglingsmiðjur eru eitt öflugasta forvarnarúrræði Reykjavíkurborgar fyrir unglingsum sem eru félagslega einangraðir og þurfa að efla virkni sína á flestum sviðum. Úrræðið hefur þróast í áratugi og hefur gefið mjög góða raun. Unglingaráðgjafar eru líklegast þeir sem hafa vísað flestum unglingsum í unglingsmiðjur og þekkja því bæði úrræðið vel sem og þann hóp unglingsum sem mest þurfa á úrræðinu að halda. Unglingar sem einangrast snemma á lífsleiðinni eru líklegri til að detta úr allri virkni, bæði í skóla sem og utan skóla. Þeir eiga hættu á að þróa með sér skólaforðun, geðsjúkdóma og/eða áhættuhegðun. Detta úr samfélagslegri virkni og einangrast alvarlega sem getur hamlað þeim að afla sé menntunar og treysta sér út á almennan vinnumarkað. Mjög mikilvægt er að finna þessa einstaklinga, grípa þá snemma, efla sjálftraust þeirra, traust þeirra til annarra, efla félagsfærni, hjálpa þeim að finna áhugamál sín, styrkleika og virkja í hinum almenna veruleika unglingsum. Því miður eru úrræði fyrir þennan hóp af skornum skammti. Það er hægt að finna sjálfstyrkingarnámskeið t.d. í Foreldrahúsi en það eflir ekki vináttu hópans eða félagsfærni innan hans. Við höfum haft möguleika á að vísa unglingsum á Dale Carnegie námskeið en það nær aðeins til afmarkaðs sviðs þess sem unglingsmiðjur ná til. Eins er með félagsfærninámskeið eins og PEERS, það er námskeið en ekki hópavinna tvisvar í viku í heilan vetur eða lengur. Starfsfólk unglingsmiðja er búið að þjálfa með sér ákveðna nálgun sem er einstök og hefur gert kraftaverk fyrir fjöldann allan af unglingsum sem hafa fengið að njóta þessa úrræðis.
- ✓ Það er mikill kostur að þetta tengist ekki félagsmiðstöðvum, þar sem unglingsum sem eru félagslega einangraðir þurfa umhverfi sem er fámennara og tryggir þeim meira öryggi félagslega en almennar opnanir félagsmiðstöðva með bekkjarfélögum sínum sem þau oft á tíðum eru að forðast.

- ✓ Unglingaráðgjafar sjá ekki að félagsmiðstöðvar geti sinnt þessu verkefni, eins og staðan er núna þar sem um er að ræða sérhæft starf sem þarf stöðugleika til lengri tíma og utan húsnæðis sem tengist skólum eða félagsmiðstöðvum. Starfsmenn unglingsmiðja vinna á annan hátt og því þarf tíma til að yfirfæra það vinnulag.
- ✓ Þessi hópur sem unglingsmiðjurnar sinna, vill ekki mæta í félagsmiðstöðvar, hópurinn vill hitta unglinga sem tengjast ekki sínu hverfi, t.d. vegna eineltis í sínum skóla.
- ✓ Unglingsmiðjurnar eru að virka, við höfum marga tugi dæma ef ekki hundruð sem sanna það. Þarna er unnið með nálgun sem nær til þessa hóps og hjálpar þeim að taka virkan þátt í samfélaginu. Það er ekki allra að ná til þessa hóps og ná árangri.
- ✓ Viljum frekar sjá sértækt hópastarf til viðbótar í félagsmiðstöðvum.
- ✓ Notendur unglingsmiðja eru ekki sami hópur og mætir í sértækt hópastarf félagsmiðstöðva. Einnig eru mjög ólíkar forsendur að baki því að mæta í félagsmiðstöð og að taka þátt í starfi unglingsmiðjanna.
- ✓ Hafa bara heyrt jákvæða hluti um unglingsmiðjur eins og þær er eru núna. Af hverju að hætta með eitthvað sem er að skila árangri?
- ✓ Unglingsmiðjur eru griðastaður utan skóla og félagsmiðstöðva, fyrir unglinga sem líður ekki vel á fyrrgreindum stöðum.
- ✓ Allir mjög ánægðir bæði börn og foreldrar, og eru starfsmenn jákvæðir.
- ✓ Unglingsmiðjur tengdu sig við vinnuskólann í fyrra og var það mjög vel heppnað.

Það sem betur má fara í starfi unglingsmiðja að mati unglingaráðgjafa:

- ✓ Skýrari verkferlar; upphafsfundur, fastir fundir með ráðgjafa, stöðufundir einu sinni á önn. Í dag eru starfsmenn samt í meiri samskiptum við félagsráðgjafa en oft áður.
- ✓ Ef til vill þyrftu unglingaráðgjafar að vera duglegri að kanna hvort það er laust í úrræðið á miðjum vetri, því stundum eru laust pláss sem mætti nýta betur og eflaust mörg ungmenni sem gætu nýtt sér þjónustuna, þó starfið sé þegar hafið þann veturinn.
- ✓ Sumir unglingar passa ekki inn í unglingsmiðjur og heldur ekki í helgarsmiðju vegna of mikilla stuðningsþarfa, t.d. einhverfu krakkarnir en það þyrfti sérhóp fyrir þá.

Hugmyndir unglingaráðgjafa að breytingum:

- ✓ Spara með því að stytta opnanir, t.d. annan daginn.
- ✓ Tengjast félagsmiðstöðvum meira og vera í einhvers konar samstarfi, sem hluta af félagsfærniþjálfun.
- ✓ Stytta tíma í unglingsmiðjum og fá félagsmiðstöðvar til að búa til t.d. sértækt hópastarf í hverfunum sem tækju við unglingum eftir ársdvöl í unglingsmiðju.
- ✓ Þjálfar þarf starfsfólk félagsmiðstöðva í starfsháttum unglingsmiðjanna og brúa bilið á milli úrræða, á skóla- og frístundasviði sem og á velferðarsviði.

Mikilvægar athugasemdir af hálfu unglingaráðgjafa:

- ✓ Óásættanlegt í nútímasamfélagi að skerða þjónustu við börn í Betri borg fyrir börn, þegar um er að ræða forvarnaúrræði sem skilar frábærum árangri.
- ✓ Mjög lítið af úrræðum fyrir börn og sérstaklega þau sem geta nýtt sér þjónustu unglingsmiðjanna.
- ✓ Ótrúlegt að þetta öfluga úrræði sé ekki kostnaðarsamara en raun ber vitni. Ekki víst að það sé hægt að þjónusta þennan hóp á ódýrari hátt.

## 8. FÓRNARKOSTNAÐUR TIL FRAMTÍÐAR

Það er ekki hlutverk sveitarfélags eins og Reykjavíkurborgar að vinna verkefni fyrir ríkið eins og heilbrigðisþjónustu. Hins vegar þegar verið er að þjónusta viðkvæma aðila eins og börn sem standa höllum fæti annað hvort vegna félagslegrar stöðu þeirra og/eða foreldra þá er mikilvægt að skoða heildarmyndina sérstaklega í ljósi nýrrar farsældarlaga. Ef ekki er gripið inn í með snemmtækri íhlutun, þá geta þessir viðkvæmu þjónustunotendur þurft á frekari aðstoð sveitarfélagsins að halda síðar á lífsleiðinni, hvort sem er í formi fjárhags-, og/eða húsnæðisstuðnings og/eða annarrar þjónustu.

Í Lýðheilsustefnu Reykjavíkurborgar er lögð sérstök áhersla á tvö aldurstímabil þegar kemur að bættri heilsu og vellíðan. Annað þeirra eru börn og ungmenni en í þeim efnum er lagður grunnur að framtíðarheilsu þeirra skv. stefnunni og á að vera grundvallaður út frá Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Lögð er áhersla á forvarnir og verndandi þætti gegn áhættuhegðun barna og ungmenna auk þess að bæta félagsfærni og líðan þeirra. Almenn er lögð áhersla á að draga úr einmanaleika, auka jöfnuð og þátttöku einstaklinga á öllum æviskeiðum.

Í Velferðarstefnu Reykjavíkurborgar er virkni og þátttaka allra í samfélaginu á eigin forsendum eitt gildanna. Einnig er lögð áhersla á að efla forvarnir til að fyrirbyggja eða draga úr líkum á því að fólk lendi í félagslegum vanda. Í aðgerðaráætlun er fjallað um lágþröskuldarþjónustu við börn og fjölskyldur í samræmi við stefnu ríkisins um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna, sem og endurnýjun stefnu í forvarnarmálum en vinna að Forvarnaráætlun Reykjavíkurborgar er nú á lokametrunum.

Eins og fram kom í viðtali við Guðlaugu hjá BUGL þá er mikill fórnarkostnaður við það að sinna ekki þessum markhópi. Því með viðvarandi félagslegri einangrun þá geta þessi börn/unglingar þróað með sér geðræna sjúkdóma. Erfitt er að fá upplýsingar um þennan kostnað en að sögn Guðlaugar þá er innlögn á BUGL dýrasta úrræði landsins, en hún gat ekki gefið nánari upplýsingar um kostnað og benti á forstjóra LSH.

Hér að neðan eru dæmi um þann kostnað sem það getur kostað samfélagið ef þjónustunotendur smiðjanna fá stuðningsþörf ekki mætt:

- ✓ Innlögn á BUGL. Dýrasta úrræði landsins.
- ✓ Göngudeildarþjónusta á BUGL.
- ✓ Önnur þjónusta heilbrigðiskerfis, heilsugæslu og bráðamóttöku.
- ✓ Brottfall úr framhaldsskóla og af vinnumarkaði (hverju erum við sem samfélag að missa af, ef við missum þeirra vinnuframlag).
- ✓ Örorka (félagsleg einangrun til lengri tíma, vanlíðan, þunglyndi og kvíði eru oft örsök þess að ungt fólk fer á örorku).
- ✓ Sálfræðitímar, læknistímar og kvíðalyf.
- ✓ Einstaklingsstuðningur (úrræði sem félagsráðgjafar myndu vísa til ef smiðjur eru ekki til staðar), hann dregur úr félagslegri einangrun en hjálpar ekki varðandi þjálfun í félagslegum samskiptum í hóp.
- ✓ Aukið starfshlutfall námsráðgjafa í grunn- og framhaldsskólum.
- ✓ Meðferðarheimili; Stuðlar.
- ✓ Kostnaður vegna ungmennis sem fer á fjárhagsaðstoð vegna vanvirkni (er ekki í skóla eða vinnu).
- ✓ Kostnaður vegna félagslegs leiguhúsnæðis.
- ✓ Sjálfsvíg. Mesti fórnarkostnaðurinn er að missa börnin.

Ef þjónustunotendur unglingsmiðjanna fara á fjárhagsaðstoð þá er kostnaðurinn allt að 217.799 kr. á einstakling á mánuði, sjá nánar í viðauka 1.

Ef þjónustunotendur unglingsmiðjanna fara á örorku þá getur fjárhæðin numið allt að 427.734 kr. á einstakling á mánuði í örorkubætur, sjá nánar í viðauka 1.

Sigtryggur Jónsson gerði úttekt á unglingsathvörfunum árið 1999 þar sem hann ræddi við ráðgjafa hjá Félagsþjónustunni um hvernig þjónustan hafi reynst skjólstæðingum þeirra auk þess sem hann gerði ítarlega úttekt á kostnaði og hagkvæmni athvarfanna.

Þar kemst hann að þeirri niðurstöðu að: „Forvarnargildið með starfsemi athvarfanna sé með því betra sem gerist, sé tekið mið af fjölda notenda, kostnaði og afdrifum unglingsanna.“ Einnig kemst hann að þeirri niðurstöðu að til að borga reksturinn ár hvert, þurfa athvörfin ekki að gera annað en að koma í veg fyrir vistun tveggja unglingsmiðja á meðferðarheimili í eitt ár<sup>2</sup>.

Hér er reyndar um að ræða gamla skýrslu en reikna má með sambærilegu hlutfalli kostnaðar milli unglingsmiðja og annarrar meðferðarþjónustu nú og í framhaldi telur starfshópurinn að þjónusta unglingsmiðjanna sé hagstæður og skilvirkur kostur fyrir samfélagið í heild<sup>3</sup>.

## 9. KOSTNAÐARMAT

Það kostar um 63 millj. kr. á ári að reka unglingsmiðjurnar, en hvað myndi það kosta ef notendur þjónustunnar yrðu fluttir í annað úrræði?

Það kostar um 340 þús. kr. á mánuði að ráða einn starfsmann í 42% hlutastarf á mánuði. Félagsmiðstöðvarnar í Reykjavík eru 21 og þær eru opnar 11 mánuði á ári. Því myndi það kosta tæpar 79 millj. kr. að bæta við einum starfsmanni í allar félagsmiðstöðvar borgarinnar til að sinna þessari þjónustu. Ef ráðinn er bara einn starfsmaður þá þarf stuðning annarra starfsmanna til að geta sinnt sambærilegri þjónustu. Ekki er svigrúm til þessa í rekstraráætlun SFS eins og staðan er núna.

Ef farin yrði sú leið að veita öllum þjónustunotendum unglingsmiðjanna einstaklingsstuðning á vegum Keðjunnar þá er kostnaðurinn 4.550 kr. á klst. (með launatengdum gjöldum) \*34 tímar á mánuði á barn = 154.700 kr. á mánuði per barn + akstur (9.380 kr.) og útlagður kostnaður (5.200 kr.). Gert er ráð fyrir 52 unglingsmiðjum í 10 mánuði. Þá er heildarkostnaður 88 millj. kr. á ári. Inni í þeirri fjárhæð er enginn húsnæðiskostnaður né annar kostnaður. Auk þess þá færu þjónustunotendur á mis við tækifæri til að efla félagsþroska í samskiptum við jafnaldra.

---

<sup>2</sup> Sigtryggur Jónsson, 1999

<sup>3</sup> Sigurlaug H. Traustadóttir, 2009. “Þar fékk ég töfrakraftinn - sjálfsöryggið”. Upplifun notenda af unglingsmiðjunum í Reykjavík.



## 10. NIÐURSTÖÐUR STARFSHÓPS

Starfshópurinn átti samkvæmt erindisbréfi að leggja fram tillögu um mögulega útfærslu á samþykkt borgarstjórnar um að starfsemi unglingsmiðja verði starfrækt með breyttu fyrirkomulagi.

**Að leggja mat á hvaða samlegðaráhrif eru til staðar á milli starfsemi unglingsmiðja/Keðjunnar og frístundastarfs/sértæks frístundastarfs félagsmiðstöðva og hvernig megi ná fram slíkum áhrifum m.a. með þjónustukeðju/brú á milli úrræða.**

Félagsleg virkni frá unga aldri er mikilvæg forvörn gegn félagslegri einangrun á unglingsaldri. Mikilvægt er að halda vel utan um börn frá því þau byrja í skóla og vera vakandi fyrir vináttu- og félagstengslum. Einnig er mikilvægt að skerpa á samvinnu milli Stígs og Traðar annars vegar og almennra félagsmiðstöðva hins vegar.

Það væri farsælt fyrir unglingana ef forstöðumenn í almennum félagsmiðstöðvum séu upplýstir um hverjir sækja þjónustu Stígs og Traðar hverju sinni og geta þá verið vakandi fyrir að veita viðkomandi unglingum athygli og áhuga innan veggja skóla og hvetja til mætinga í almennt og/eða sértækt starf félagsmiðstöðvanna eftir áhugasviði, getu og vilja unglinganna.

Það er tillaga starfshópsins að forstöðumaður Stígs og Traðar komi á fund deildarstjóra unglingsstarfs félagsmiðstöðva skóla- og frístundasviðs tvisvar á önn til að upplýsa um þátttökulista að undangengnu samþykki þeirra unglinga og forráðamanna þeirra sem nýta sér unglingsmiðjurnar hverju sinni til að byggja brú þar á milli.

Enn fremur er mikilvægt að unglingsmiðjur og skólar/frístunda- og félagsmiðstöðvar séu í góðu samráði og samstarfi varðandi unglinga sem eru ekki að nýta sér félagsmiðstöðvar og gætu mögulega nýtt sér þjónustu unglingsmiðjanna.

**Greina stöðu og þjónustupörf þeirra ungmenna sem nýtt hafa úrræðin síðastliðin tvö ár m.a. með tilliti til þess hvort hópurinn hafi nýtt fyrirbyggjandi frístundaúrræði.**

Niðurstöður kannana benda til að unglingsmiðjur hafi haft margs konar jákvæð áhrif á líðan og hegðun unglinganna sem tóku þátt. Það kemur fram í þeirra eigin svörum og einnig svörum foreldra árin 2017-2019. Auk þess benda niðurstöður til þess að þátttaka unglinga í unglingsmiðjum hafi aukið félagslega virkni þeirra. Þátttakan virðist hafa haft mikil áhrif á samskipti unglinganna við aðra, en til að mynda töldu allir þátttakendur árin 2019-2021 að samskipti sín hafi batnað eftir þátttöku í unglingsmiðjum. Opin svör frá unglingum og foreldrum þeirra endurspeglu einnig hversu mikil félagsleg áhrif þátttaka í unglingsmiðjum hafi haft á unglinga.

Niðurstöður notendasamráðs sýna að unglingsmiðjur og unglingsbrú svara þörfum notenda fyrir öruggt rými, að tilheyra hópi jafningja, þörf fyrir ramma og fyrirsjáanleika og þá hvatningu og stuðning sem þau þurfa. Þægilegt og verndað umhverfi, starfsfólk og skemmtileg dagskrá sem þau taka þátt í að móta spila þar lykilhlutverk. Notendur og foreldrar telja að ekkert sambærilegt úrræði sé til staðar sem svarað gæti þessum þörfum. Hefðbundnar félagsmiðstöðvar henta notendahópnum sérstaklega illa, meðal annars vegna þess að unglingar sem sækja Stíg og Tröð vilja gjarnan ekki mæta samnemendum eða öðrum unglingum úr hverfinu í félagsmiðstöðinni.

Árangur af þátttöku í starfinu birtist í auknu sjálfsöryggi og félagsfærni, bættri líðan og andlegri heilsu og aukinni virkni og frumkvæði félagslega, heima fyrir og í skóla. Önnur úrræði hefðu ekki skilað sambærilegum árangri. Umfram allt skiptir máli að þau upplifa sig ekki lengur ein. Miklar áhyggjur og



mótstaða er við tillögu um að loka á úrræðið á meðan engin önnur úrræði sem miði af því að auka félagslega virkni til lengri tíma eru í boði og mikill ótti um að notendur missi sína „líflínu.“

Starfshópurinn telur að árangur úrræða fyrir notendahópin sé háður því að framangreindum þörfum sé mætt og ákvarðanir um framhald þjónustunnar ættu að byggja á þeim niðurstöðum og frekari notendasamráði.

Þó svo að mögulega vanti að hluta til einhverjar skráningar á mætingar í almennar félagsmiðstöðvar er ljóst að starfsemi þeirra er að mjög litlum hluta að mæta þörfum þeirra unglunga sem hafa sótt starfsemi Stígs og Traðar. Starfsemi almennra félagsmiðstöðva í dag hefur ekki svigrúm til að mæta þörfum þeirra. Til að það gæti orðið þyrfti mögulega að bjóða upp á meira og/eða sérhæfðara hópastarf, fleiri fámennari almennar opnanir og starfsmenn á almennum opnunum þyrftu að vera fleiri til að geta veitt unglingunum meiri stuðning og tíma. Til þess að þetta gæti orðið þyrfti að bæta verulega við það starfshlutfall sem hver félagsmiðstöð hefur heimild til að ráða í með núverandi fjárheimildir.

### **Leggja fram kostnaðarmetna tillögu um hvernig megi endurskipuleggja þjónustuna við markhóp unglingsmiðja í samstarfi við skóla- og frístundasvið.**

Eftirfarandi er samanburður á kostnaði, sem var sundurliðaður í kafla 7:

- ✓ 63 millj. kr. á ári miðað við óbreyttan rekstur.
- ✓ 79 millj. kr. á ári að bæta við einum starfsmanni í allar félagsmiðstöðvar borgarinnar.
- ✓ 88 millj. kr. á ári að ráða starfsmenn í einstaklingsstuðning til að sinna öllum þjónustunotendum smiðjanna á ári.

Foreldrar í rýnihópi deildu hugmyndum sínum af lausnum og sýndu fram á mikinn vilja til að taka þátt í frekara notendasamráði um tækifæri til að viðhalda úrræðinu. Þær lausnir sem mest voru ræddar voru tillögur um greiðsluþátttöku. Allir þátttakendur rýnihóps voru einróma um að þeir myndu frekar greiða fyrir þjónustuna (sem er notendum að kostnaðarlausu í dag) en að henni yrði lokað, því þjónustan er mjög mikilvæg. „Væri glöð með að borga 5000 kr. fyrir kvöldið. Það væri besti 5000 kall sem ég gæti eytt.“ Fleiri tóku undir: „Það eru allir foreldrar tilbúnir að borga fyrir gott úrræði sem hjálpar barninu.“ Starfshópurinn telur það ganga gegn lögum um sambætta þjónustu í þágu farsældar barna að rukka fyrir þjónustuna þar sem efnahagur fjölskyldna er mismunandi.

Velt var upp þeim möguleika á að nýta frístundastyrk upp í þjónustugjöld, þar sem flest þessara barna stunda ekki hefðbundið íþróttastarf eða aðrar tómstundir og eru ekki að nýta styrkinn sinn. Foreldrar voru mjög hrifnir af þeirri hugmynd. Frístundastyrkur fyrir 6-18 ára börn og unglunga er 75 þús. kr. á ári og væri því um 3,9 millj. kr. á ári. Starfshópurinn telur það vera góða tillögu.

Starfshópurinn sá einnig möguleika að bjóða nærliggjandi sveitarfélögum að nýta laus pláss ef svo ber undir til að hámarka nýtingu, því erfitt er fyrir minni sveitarfélög að bjóða upp á sambærilega þjónustu fyrir þessa þjónustunotendur.

## 11. TILLÖGUR STARFSHÓPS

Í erindisbréfi sem starfshópurinn fékk var lagt til að **starfsemi unglingsmiðjanna Stígs og Traðar leggist af og markhópi úrræðanna verði sinnt í samstarfi fagfólks félagsmiðstöðva og Keðjunnar sem hluti af Betri borg fyrir börn.**

Á grundvelli Barnasáttmála Sameinuðu Þjóðanna og honum til stuðnings urðu til lög um samþætta þjónustu í þágu farsældar barna sem tóku gildi 1. janúar 2022 (nr. 86/ 2021). Þeim er ætlað að skapa skilyrði til að unnt sé að bregðast fyrir við tilteknum aðstæðum eða erfiðleikum í lífi barns með viðeigandi stuðningsúrræði þegar þörf þykir. Starfshópurinn hefur í þessari skýrslu sýnt fram á mikilvægi þess að úrræðið verði ekki lagt af, þar sem fórnarkostnaður yrði mjög mikill og alls ekki í anda farsældarlaga að leggja svona mikilvæga og sérhæfða þjónustu niður fyrir börn og ungmenni eftir heimsfaraldur og sinna markhópnum með öðrum hætti.

Sú tillaga að sinna markhópnum í samstarfi fagfólks félagsmiðstöðva og Keðjunnar sem hluti af Betri borg fyrir börn var skoðuð sérstaklega. Starfshópurinn var sammála um að það myndi ekki ganga, þar sem þjónusta unglingsmiðjanna er annars stígs þjónusta samkvæmt skilgreiningu laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna og almenn þjónusta félagsmiðstöðva er fyrsta stígs þjónusta. Það er því óraunhæft að ætla almennum félagsmiðstöðvum að sinna svona sértækri og einstaklingsmiðaðri þjónustu.

Einnig er mikilvægt að horfa til þess að þjónustunotendur unglingsmiðjanna hafa flestir fengið margs konar þjónustu og ráðgjöf í sínu nærumhverfi og margs konar úrræði hafa verið reynd í almennum félagsmiðstöðvastarfi áður en þeim er vísað í starf unglingsmiðjanna. Þjónusta unglingsmiðjanna krefst ávallt tilvísunar frá ráðgjafa og samþykktar á stuðningsþjónustufundi miðstöðvar. Allar umsóknir fara í framhaldi til úthlutunarteymis á velferðarsviði til frekari samþykktar.

Starfshópurinn telur að endurskoða megi umsóknarferlið og fjölga kynningum á þjónustu smiðjanna meðal ráðgjafa miðstöðva borgarinnar og til annarra hagsmunaaðila BBB, með það að markmiði að einfalda umsóknarferlið svo það verði ekki hindrun eða dragi úr möguleika á þjónustu við börn og ungmenni.

*Hér eru þrjár mismunandi tillögur sem hægt er að fara og/eða blanda saman.*

i. Fyrsta tillaga er að halda starfseminni í óbreyttu formi, en í öflugum samstarfi við skóla- og frístundasvið. Þá er hægt að ná betur til þeirra sem geta nýtt sér þjónustuna og hægt að byggja brú fyrir eftir t.d. eitt ár, yfir í almennt/sérhæft félagsmiðstöðvarstarf og þannig hægt að veita fleirum þjónustu. Með þessu samstarfi þá væri hægt að bjóða yngri nemendum fyrir í þjónustu, þ.e. í 7. bekk að nýta sér þjónustuna (7.og 8. bekkur saman og 9.og 10. bekkur saman).

ii. Önnur tillaga er að skerða þjónustuna, með því að fækka fjölda klukkustunda á viku í veittri þjónustu, þar sem stærsti hluti kostnaðar er launakostnaður, sjá töflu 1.

iii. Þriðja tillaga er að nota ónýttan frístundastyrk til að greiða niður þjónustuna og draga úr rekstrarkostnaði. Athugun sýnir fram á að þau eru almennt ekki að nýta sér styrkinn í annað frístundastarf. Einnig er möguleiki að bjóða nærliggjandi sveitarfélögum að nýta þjónustuna gegn gjaldi, svo framarlega sem laus pláss standi til boða. Með því móti er hægt að hámarka nýtingu úrræðanna og ná fram hagræðingu í rekstri.

Það er mikilvægt að koma barni og fjölskyldu þess til aðstoðar eftir fremsta megni og styðja við eðlilegan líkamlegan, andlegan, sálrænan, siðferðilegan og félagslegan þroska barns. Einnig er mjög mikilvægt að virk félagsleg þjónusta sé til staðar til að veita barni og fjölskyldu þess nauðsynlegan stuðning, koma á forvörnum sem og að veita þeim viðeigandi meðferð, eins og lög og stefnur segja til um.

Reykjavík, 07.03.2023

Halldóra Gyða Matthíasdóttir Proppé  
Belinda Karlsdóttir  
Guðrún Halla Jónsdóttir  
Sigríður Rut Hilmarsdóttir  
Sigurlaug H. S. Traustadóttir  
Þórhildur Rafns Jónsdóttir  
Andrea Marel Þorsteinsdóttir leysti ÞRJ af

## 12. VIÐAUKAR

### Viðauki 1: Kostnaður vegna fjárhagsaðstoðar og örorkubóta

#### Fjárhagsaðstoð í mánuð

III. kafli Réttur til fjárhagsaðstoðar Útreikningur fjárhagsaðstoðar 10. gr. Grunnfjárhæðir

Grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar til einstaklings, 18 ára eða eldri, sem **rekur eigið heimili** getur numið allt að **217.799 kr. á mánuði**. Með rekstri eigin heimilis, sbr. ákvæði 1. mgr. er átt við þegar viðkomandi býr í eigin húsnæði eða leigir húsnæði **og leggur fram þinglýstan húsaleigusamning**.

Grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar til hjóna/sambúðarfólks getur numið allt að 348.476 kr. (217.799 x 1,6).

Grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar til einstaklings sem býr með öðrum, leigir húsnæði **án þinglýsts leigusamnings eða hefur ekki aðgang að húsnæði er 183.507 kr.**

Grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar til einstaklings sem **býr hjá foreldrum er 108.898 kr.** (217.799/2).

Hafi einstaklingur, sem fellur undir framangreint forsjá barns, skal viðkomandi reiknuð grunnfjárhæð sem nemur 183.507 kr. á mánuði. Til viðbótar við grunnfjárhæð skal í hverjum mánuði greidd sérstök fjárhagsaðstoð fyrir hvert barn sem er með lögheimili og á framfæri foreldris sem fær fjárhagsaðstoð til framfærslu samkvæmt reglum þessum. Skal aðstoðin mæta kostnaði vegna dvalar barna í leikskóla í allt að átta tíma og dvalar barna á frístundaheimili, fimm daga í viku, auk greiðslu kostnaðar vegna skólamáltíða og síðdegishressingar. Um þjónustugreiðslur er að ræða sem greiðast til skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar.

#### Örorkubætur

**Greiðslur frá Tryggingastofnun**                      **á mánuði**                      **á ári**

Örorkulífeyrir	58.222	698.664
Aldurstengd örorkuuppbót	58.222	698.664
Tekjutrygging	186.444	2.237.328
Heimilisuppbót	63.020	756.240
Orlofs- og desemberuppbót	0	124.732
Framfærsluuppbót	61.826	741.912
<b>Samtals:</b>	<b>427.734</b>	<b>5.257.540</b>

Fráðreginn skattur (1. og 2. skattþrep)	135.676	1.628.112
Persónuafsl. (nýting skattkorts 100%)	59.665	715.980
<b>Samtals frá TR eftir skatt:</b>	<b>351.723</b>	<b>4.220.676</b>

## Viðauki 2: Undirbúningur fyrir rýnihópa

Notendasamráð vegna unglingsmiðja

### Rannsóknarplan

#### Bakgrunnur

Unglingasmiðjurnar Stígur og Tröð eru öruggur vettvangur fyrir unglunga á aldrinum 13-18 ára sem upplifa félagslega einangrun og ýmsa félagslega erfiðleika.

Þar þjálfa þau sig í að eiga samskipti við jafningja, styrkja sjálfsmýnd sína, tjá sig af einlægni, setja sig í spor annarra og læra að treysta.

Í hagræðingartillögum Reykjavíkurborgar er lagt til að starfsemi unglingsmiðjanna leggist af og markhópi úrræðanna verði sinnt í samstarfi fagfólks félagsmiðstöðva og Keðjunnar. Starfshópur var skipaður í kjölfarið sem hefur m.a. það hlutverk að „Greina stöðu og þjónustubörf þeirra ungmenna sem nýtt hafa úrræðin síðastliðin tvö ár m.a. með tilliti til þess hvort hópurinn hafi nýtt fyrirbyggjandi frístundaúrræði“.

Fengin var aðstoð við greiningu frá notendarannsakanda á ÞON til að rýnihópa með notendum þjónustu og foreldrum þeirra.

#### Markmið

Markmið með notendasamráði um unglingsmiðjur eru þrjú. Í fyrsta lagi, að öðlast skilning á þörf notenda fyrir þjónustunni og upplifun af henni, frá umsókn og yfir allt þjónustuferlið. Í öðru lagi, er áhersla lögð á að skilja áhrif unglingsmiðja á líf notenda, s.s. félagslega stöðu, líðan, fjölskyldu og nám og hvaða þættir þjónustunnar notendur og foreldrar upplifa að hafi gagnast best. Í þriðja lagi, að skilja hvaða þættir gera unglingsmiðjur frábrugðnar öðrum úrræðum sem standa þeim (félagslega einangruðum unglungum) til boða, s.s. almennar félagsmiðstöðvar, og hver upplifun notenda er af þeim í samanburði við unglingsmiðjur.

#### Helstu markmið og spurningar – brotin niður

##### 1. Að skilja þarfir og upplifun notenda af þjónustunni:

- Hverjar eru helstu þarfir notenda þjónustu unglingsmiðja?
  - Við umókn – ástæða þess að sótt er um í unglingsmiðju
  - Meðan unglingar nýta unglingsmiðju
- Hvernig er þjónustan að mæta þeim þörfum?
- Hvaða þættir í unglingsmiðju nýtast best/eru mikilvægastir?

##### 2. Að skilja áhrif þjónustunnar á líf unglunga

- Hvaða breytingar hafa átt sér stað í lífi unglings við það að nýta þjónustu unglingsmiðja?
  - Líðan
  - Félagsleg virkni og staða
  - Sjálfsöryggi
  - Samskipti
  - Áhugamál
- Hvaða áhrif hefur þjónustan á aðra þætti í lífi unglings?
  - Fjölskylda
  - Skóli og nám
  - Annað

##### 3. Að skilja hvað gerir unglingsmiðjur frábrugðnar annarri þjónustu

- Hvaða annarri þjónustu/félagslegum úrræðum hafa notendur reynslu af?
  - Almenn frístunda-, íþrótta-, og tómskundastarf

- Sérhæfð úrræði – sálfræðiþjónusta, sjálfstyrkingarnámskeið, einstaklingsmeðferð, hópmeðferð, þjónustumiðstöðvar, heilsugæsla, BUGL, geðdeild
- Hver er upplifun notenda af þeim úrræðum?
- Hver er munurinn á að unglingsmiðjum og annarri þjónustu sem notendur hafa reynslu af?

### **Aðferð og þátttakendur**

Haldnir verða þrjú rýnihópar með notendum þjónustunnar og foreldrum þeirra. Stefnt að 8-10 í hverjum hóp. Notendum verður skipt upp í tvo hópa eftir aldri, annars vegar vegna þroskamunar og hins vegar þar sem þau eru á ólíkum stað í ferlinu. Yngri hópurinn, 13-16 ára sækir þjónustu unglingsmiðja í dag en eldri hópurinn 16-18 ára+ er í unglingsbrú.

Rýnihópur með foreldrum verður hefðbundinn rýnihópur þar sem umræður um fyrirframákveðnar spurningar fara fram og verður samtalið tekið upp með skriflegu samþykki foreldra.

Rýnihópur unglingana verður með óhefðbundnari hætti þar hópurinn sem um ræðir hefur misgóða félagslega færni til að tjá sig í hóp. Auk hefðbundna spurninga verða nýttar æfingar og kveikjur úr aðferðafræði notendamiðaðrar hönnunar sem miða að því að skapa aðstæður þar sem allir geta deilt upplifun sinni á hátt sem þeim líður best með, hvort sem það er upphátt, skriflega eða á myndrænu formi.

Rýnihópur verður ekki tekinn upp þar sem slíkt þyrfti samþykki foreldra, sem ekki tekst að afla innan tímaramma. Punktur verða teknir og unnið úr afurðum rýnihóps (post-it miðum o.fl.).

Engum persónugreinanlegum gögnum verður safnað. Upptökum úr foreldrarýnihóp verður eytt af úrvinnslu lokinni.

**PLAN****Staðsetning:** Keðjan, 2. hæð Mjódd**Tímasetningar:**

Pri. 24.01.23

Kl. 16.00-17.30 13-16 ára

Kl. 17:30-19.00 16-18 ára (unglingabré)

Mið. 25.01.23

Kl. 17:30-19.00 foreldrahópur

**Auðveldarar:** Sigríður Guðjónsdóttir og Eva Jakobsdóttir**Fjöldi þátttakenda:** 8-10 í hverjum hóp er markmiðið en**Umbun:** Gjafabréf á pizzu**Gögn:**

Upplýst samþykkisform fyrir foreldra

Post-it miðar og pennar

Tússpennar

Talblaðra (útprintuð)

Emoji (útprintaðir) og kennaratyggjó

**Dagskrá unglingar**

## 1. Opnun (10 mín.)

- Þátttakendur mæta og „setla“
- Kynning á fyrirkomulagi og dagskrá
- Stuttur ísbrjótur: Nafn, aldur, skóli og uppáhaldsslangur

## 2. Umræður og æfingar

- Klípusaga – hvert getur félagslega einangraður unglingur leitað? (10 mín.)
- Þjónustuupplifunin þeirra – notendaferðalagið upp á vegg (40 mín.)
- Farið í gegnum spurningar á lista og rætt það sem ekki kom fram í fyrri æfingum – sjá lista (10 mín.)

## 3. Lokun (10 mín.)

- Tekið saman helstu niðurstöður frá umræðum
- Þátttakendur eru hvattir til að láta vita um einhverjar fleiri ábendingar eða tillögur og að þau geti haft samband við starfsfólk smiðjanna
- Þakkað fyrir og kvatt

## Kveikjur og spurningar - unglingar

**1. Klípusaga - hvert getur félagslega einangraður unglingur leitað?**

- a. Tilgangur er að koma samtalinu af stað og byggja traust. Það getur verið auðveldara að tjá sig út frá sögum sem þau geta speglað sig í án þess að deila strax einhverju persónulegu.
  - b. Að byrja samtalið opið þjónar líka þeim tilgangi að ræða um úrræði sem standa unglingum sem kljást við félagslega erfiðleika til boða almennt og að fá tilfinningu fyrir hversu vel hópurinn þekkir önnur úrræði og hvernig upplifun þau hafa af þeim.
  - c. **Sagan:** Stefán er 14 ára strákur í Austurbæjaskóla. Hann býr með mömmu sinni og á litla systur sem hann passar stundum og finnst gaman að fara með hana út á leikvöll. Honum finnst mest gaman að dunda sér inni að spila tölvuleiki eins og Roadblox og Minecraft, horfa á Twitch, TikTok og YouTube eða teikna.
  - d. Hann átti besta vin sem var með honum í bekk frá 1. bekk en hann flutti fyrir 3 árum til Akureyrar. Þeir spila stundum saman tölvuleiki saman á netinu en annars hefur honum þótt mjög erfitt að eignast vini. Hann tengir lítið við krakkana sem eru með honum í bekk og hefur svo sem aldrei gert. Þau eru mikið í íþróttum og alltaf með mikil læti í tímum sem honum finnst óþægilegt. Strákarnir í bekknum hafa alltaf verið svolítið að stríða honum en síðan vinur hans flutti hefur það versnað. Hann hefur fengið mjög ljót skilaboð send á samfélagsmiðlum. Hann reyndi fyrst að hunska þetta en nú eru strákar í skólanum líka farnir að kalla á eftir honum ljót og niðrandi orð og hrinda á göngunum. Einn daginn eftir skóla biðu þeir eftir honum og réðust á hann á leiksvæðinu. Eftir það langar hann minna og minna að fara í skólann og hefur ekki viljað fara með systur sína út að leika. Hann er mest bara heima. Mamma hans er áhyggjufull en veit ekki alveg hvað hún á að gera. Hún er búin að reyna að tala við umsjónarkennarann og foreldra en það hjálpaði ekki. Hún er líka búin að reyna að hvetja hann til að prófa alls konar námskeið og tómsundur en hann treystir sér ekki. Hún vinnur mikið og hefur ekki mikinn tíma til að finna hjálp. Stefán veit ekki hvað hann á að gera og ákveður að prófa að pósta nafnlaust á samfélagsmiðli og biðja um ráð.
  - e. **Póstur:** Ég er svo í ömurlegum bekk og mig langar að ekki að mæta í skólann...finnst það svo tilgangslaust. Ég er svo einn. Hvað get ég gert?
2. **Leiðbeiningar:** Ef þú værir að gefa Stefáni ráð um hvert hann geti leitað eftir stuðningi, hvað mynduð þið segja?
  3. Er einhver stuðningur eða þjónusta sem þú heldur að hjálpi unglingum eins honum sem hafa lent mest í einelti?
  4. Skriðu niður hvað þið mynduð segja í talblöðruna/bútbluna
  5. „Follow up“ umræðuspurningar: Af hverju haldið þið að hann vilji ekki prófa að gera eins og mamma hans segir og fara á námskeið?
  6. Hvað myndir þú segja við einhvern sem þyrði ekki að mæta í unglingasmiðju?
3. **Þjónustuupplifunin – Notendaferðalagið upp á vegg**
    - a. Tilgangur er að fá upplifun þeirra af þjónustunni yfir mismunandi tímamarkaða í ferlinu. Allt frá því áður en var sótt um. Fá heildarmynd og kveikja á frekari umræðum. Myndrænt og geta deilt því sem þau vilja.
    - b. Skilja hvernig leið þeim? Hvað gerðu þau? Hvað hugsuðu þau? Hápunktar og hvað var erfiðast?
    - c. Auðveldar myndræna framsetningu á niðurstöðum.



- d. Skrifað upp á vegg: Áður en það var sótt um í unglingsmiðju – þú heyrir það sé búið að sækja um – byrjar í unglingsmiðju – unglingsmiðjan – að hætta.
- e. Hvernig leið þér? Hvað hugsaðir þú? Hvað gerðir þú?
- f. Þátttakendur fá post-it miða og útprentaða *emoji*. Gefinn tími til að skrifa í hljóði á miðana hvað þau hugsuðu, gerðu og hvernig þeim leið á tilteknum tímamarki í ferlinu (sett á „timer“) og svo hengja þau upp á vegg og við ræðum í kringum það. Stuðst við „follow up“ spurningar.
- g. Á meðan aðstoðar Eva við að skrifa niður fleiri atriði sem koma upp í samræðum.
- h. „Follow up“ spurningar:

### **Áður en þau byrjuðu í unglingsmiðju**

Hvernig leið þeim? Hvað gerðu þau?

### **Þegar þeim var boðið í unglingsmiðju**

Hvernig heyrðu þið af henni? Af hverju var sótt um?

### **Fyrstu skiptin í unglingsmiðjunni**

Hvenær byrjaðir þú í unglingsmiðjunni? Hvað ertu búin að vera lengi?

### **Venjulegur dagur í unglingsmiðjunni**

Hvað kemur þú oft? Hvað gerir þú? Hvað hjálpar þér?

Hvað finnst þér best við unglingsmiðjuna?

### **Hápunktur – mómment, eitthvað sem þið gerðuð**

Hvað finnst þér best við unglingsmiðjuna? Af hverju?

Getur þú deilt sögu af einhverju atviki eða upplifun sem lét þér líða þakklátu fyrir þjónustuna?

### **Áskorun – eitthvað sem hefur verið erfitt**

Hvað hefur þér fundist verst/erfiðast? Af hverju?

### **Breytingar**

Hvernig hefur þjónustan haft áhrif á líf þitt? Eru einhverjar breytingar á hvernig þér líður?

Hvernig þú hugsar og hvað þú gerir?

- Líðan
- Félagsleg virkni og staða
- Sjálfsöryggi
- Samskipti
- Áhugamál

Hvaða áhrif hefur þjónustan á aðra þætti í lífi unglings

- Fjölskylda
- Skóli og nám
- Annað

**Að hætta í unglingsmiðju**

Hvernig heldur þú að þér líði þegar þú hættir?

Ef smiðjunum verður lokað, hvernig áhrif hefur það á líf þitt? Hvernig muntu halda áfram að vinna í félagsfærni? Myndir þú gera eitthvað í staðinn?

Hvernig leið þér þegar þú heyrðir af því að það ætti að loka unglingsmiðjunum?

**Samanburður við önnur úrræði**

Hvernig hefur þessi þjónusta verið öðruvísi en önnur úrræði fyrir unglinga sem þú hefur nýtt?

Hvernig heldur þú að unglingsmiðjan hafi hjálpað þér (með sömu vandamál og voru ástæðan að sótt var um) í samanburði við annað sem er í boði fyrir unglinga?

Myndir þú t.d. mæta í hóp í almenna félagsmiðstöð?

**Að lokum – heilt yfir - Upplifun**

Er eitthvað sem þú myndir vilja sjá meira af, gera meira í þjónustunni?

Hvernig væri hægt að bæta þjónustuna svo hún hjálpi sem mest?

### Hugmyndapunktur:

Hugmyndir af æfingum til að virkja þau:

Klíp saga – af unglíngi sem hefur verið lagður í einelti, finnst hann ekki passa inn. Hann póstar inn á grúppu og biður um ráð. Hann langar að eignast vini og fá meira sjálfstraust. Hvert getur hann leitað? Hvar getur hann kynnst öðrum?

„Brainwriting“, skrifa í hljóði og setja á vegg eða deila  
Láta þau staðsetja sig á rússíbana – í notendaferðalaginu  
Broskallar/*emoji* – velja sér  
Teikna

### Helstu spurningar:

Meistararitgerð, spurningar sem voru settar fram  
Hver var þörf þátttakenda fyrir þjónustu?  
Hvernig var upplifun þátttakenda af þjónustunni?  
Hvernig upplifðu þátttakendur árangur af úrræðinu?  
Hvernig væri hægt að bæta þjónustuna?

### Dagskrá foreldrar

1. Opnun (10 mín.)
  - Þátttakendur mæta og „setla“
  - Kynning á fyrirkomulagi og dagskrá
  - Stuttur ísbrjótur eða æfing til að skapa jákvætt andrúmsloft og traust
2. Umræður
  - Farið í gegnum spurningar á lista – sjá lista
  - Reynt að fá þátttakendur til að deila og taka þátt, spurt „follow up“ spurninga
  - Þátttakendum er velkomið að spyrja spurninga eða koma með ábendingar
3. Lokun (10 mín.)
  - Helstu niðurstöður teknar saman úr umræðum
  - Þátttakendur eru hvattir til að láta vita ef þeir hafa einhverjar fleiri ábendingar eða tillögur og að þau geti haft samband við X
  - Þakkað fyrir og kvatt

## Viðauki 3: Skýrsla vegna Rýnihópa

### Markmið

Markmið með notendasamráði um unglingsmiðjur eru þrjú. Í fyrsta lagi, að öðlast skilning á þörf notenda fyrir þjónustunni og upplifun af henni, frá umsókn og yfir allt þjónustuferlið. Í öðru lagi er áhersla lögð á að skilja áhrif unglingsmiðja á líf notenda, s.s. félagslega stöðu, líðan, fjölskyldu og nám út frá hvaða þættir þjónustunnar notendur og foreldrar upplifa að hafi gagnast best. Í þriðja lagi, að skilja hvaða þættir gera unglingsmiðjur frábrugðnar öðrum úrræðum sem standa notendahópnum (félagslega einangruðum unglingum) til boða.

### Aðferð og þátttakendur

Þrjú rýnihópar voru settir saman með notendum þjónustunnar og foreldrum þeirra. Notendum var skipt upp í tvo hópa eftir hvort þau sækja þjónustu í unglingsmiðju eða unglingsbrú. Hvor hópur notenda var boðaður í eins og háls tíma lotu af rýnihóp þriðjudaginn 24.01.2023 en foreldrum/forsjáraðilum var boðið að mæta daginn eftir, miðvikudaginn 25.01.2023 í jafn langa lotu. Þátttakendur voru samtals 23. Þrjú þátttakendur á aldrinum 14-17 ára mættu í yngri hópinn en í eldri hópinn mættu 9 þátttakendur á aldrinum 16-20 ára. Ellefu þátttakendur mættu í rýnihópa foreldra.

Aðferðir tóku mið af því að ýmsir í notendahópnum geta átt erfitt með að tjá sig í hóp. Í rýnihóp unglinga voru því nýttar æfingar og kveikjur úr aðferðafræði notendamiðaðrar hönnunar sem miða að því að skapa aðstæður þar sem allir geta deilt upplifun sinni á hátt sem þeim líður best með, hvort sem það er upphátt, skriflega eða á myndrænu formi. Opnað var á samtal með dæmisögu til að fá þau til að setja sig í spor unglings sem hefur glímt við félagslega einangrun og til að geta haft dæmi til að vísa í í næstu æfingu. Seinni æfingin gekk út á að fá þau til að deila sínu notendaferðalagi með því að svara á post-it miðum sem þau hengdu upp á vegg hvernig þeim leið, hvað þau hugsuðu og hvað þau gerðu á ólíkum tímupunktum í þjónustuferlinu. Voru þau hvött til að nota broskalla (*emoji*) ef þau áttu erfitt með að koma upplifun sinni í orð. Var notendaferðalagið svo nýtt sem kveikja af frekari umræðum og spurningum til að fylgja eftir því sem þau deildu á vegginn.

Rýnihópur foreldra var hálfstaðlaður rýnihópur þar sem umræður voru lauslega byggðar í kringum fyrirfram ákveðnar spurningar tengdum framangreindum markmiðum en leyft að þróast gegnum umræðurnar, sjá nánar í viðauka 2.

### Niðurstöður - rýnihópur með unglingum

Niðurstöður beggja hópanna voru dregnar saman með því að þemagreina post-it miða í Miro í notendaferðalaginu og draga saman helstu atriðin sem komu þar fram varðandi upplifun þeirra yfir þjónustuferlið.

### Áður en þau byrjuðu í unglingsmiðju/brú

Þegar þau litu til baka á hvernig líf þeirra var áður en þau byrjuðu í smiðjunni/brúnni voru þau mistilbúin eða fær um að spegla sig eða deila. Þau sem þó tjáðu sig deildu því að líðan hefði verið slæm og þau hefðu upplifað mikinn einmannaleika og kvíða. Sumir glímdu við sjálfsvígshugsanir og voru með áform um sjálfsvíg. Þau voru félagslega einangruð, voru mikið ein heima, lokuðu sig af og að mestu óvirk fyrir utan skóla. Nokkrir lýstu hvernig þau langaði að kynna og eignast vini en vissu ekki hvernig.

### Unglingsmiðjan/brúin

#### Fyrsti dagurinn

Þegar kom svo að fyrsta deginum í þjónustunni var upplifun þátttakenda misjöfn. Flest töluðu um að upplifa stress yfir að mæta, meðal annars því þau vissu ekki alveg við hverju þau mættu búast. Ljóst var af svörum að sum þeirra voru brennd af reynslu af öðrum úrræðum og félagslegum samskiptum

sem lýstu sér í vantrausti í garð þjónustunnar og þess fólks sem þar yrði. Þau voru því ekki tilbúin að gera sér of miklar væntingar vegna ótta við að verða fyrir vonbrigðum eða höfnun, samanber svörin „Þetta gerir örugglega ekkert eins og öll önnur námskeið gerðu ekki baun („but I was wrong“). „Ég mun líka standa út hérna!“ Önnur lýstu því hins vegar að þau væru fegin að byrja og að þau væru tilbúin að gefa þessu tækifæri.

Þegar þau mættu upplifðu sum öryggi, „acceptance“ og kom á óvart að fólk var svo almennilegt eftir allt saman. Þau spiluðu, fóru í leiki og spjölluðu en ekki voru allir tilbúnir að taka þátt í fyrstu.

### **Venjulegur dagur**

Á venjulegum degi í unglingsmiðjunni ákveða þau saman hvað þau vilja borða, fara í búð, elda saman, borða, ganga frá og spila, spjalla, kynnast, teikna eða fara í leiki. Þau fara auk þess í ferðir og prófa nýja hluti. Brúin er með sambærilega dagskrá en þau elda ekki saman. Notendur töluðu að þeim þætti almennt gaman að mæta, dagskráin væri skemmtileg og þeim liði vel.

### **Hápunktar**

Aðspurð að því hvað væri hápunkturinn á upplifun þeirra á unglingsmiðju/brú voru mörg sammála um að „allt er hápunktur.“ Þau töluðu mörg um að kynnast vinum, samveran og að geta talað saman væri það besta við þjónustuna. Annað sem stendur upp úr fyrir marga er að þar geta þau verið þau sjálf, upplifa tengsl og að þau séu örugg. Það nefndu nokkrir einnig hve vel þau kunna að meta að vera spurð hvernig þeim líður og að þau geti haft áhrif á dagskrána. Aðrir áttu mjög jákvæðar minningar af ýmsu sérstöku fólki eða athöfnum, svo sem tilteknum leikjum eða ferðum sem þau fóru í.

### **Það sem er erfiðast**

Það eru þó ýmsar áskoranir tengdar unglingsmiðjunum/brúnni. Í fyrsta lagi hefur stundum verið erfitt að mæta, sérstaklega fyrst um sinn. Ástæður sem nefndar voru í því samhengi voru erfiðleikar vegna andlegra veikinda s.s. þunglyndis og félagskvíða, almenn vanlíðan og hræðsla við höfnun. Í öðru lagi er einnig stór áskoranir fyrir marga að reyna að kynnast öðrum, tala fyrir framan fólk og opna sig um tilfinningar sínar. Í þriðja lagi eiga margir erfitt með breytingar, s.s. við að fara úr smiðju í brú eða þegar verðar breytingar í mönnun eða notendahópnum. Í fjórða lagi, töluðu sumir um áskoranir tengdar því að vinna í ákveðnum hlutum sem þau eiga í erfiðleikum með, eins og félagskvíða og að borða kringum aðra (v. átröskunar). Að lokum voru nokkrir sem upplifðu enga sérstaka erfiðleika sem þau gátu nefnt.

### **Breytingar sem þau hafa upplifað eftir að byrja**

Notendur hafa upplifað ýmsar breytingar í lífinu eftir að hafa byrjað í þjónustunni. Stærsta þemað þar var að upplifa sig sjálfsöryggari í samskiptum, eiga auðveldara með að kynnast nýju fólki og eiga í samskiptum. Það hefði verið stór breyting við það að uppgötva að þau væru ekki ein og að nú ættu þau „loksins vini“. Hér er dæmi um það sem einn þátttakanda hafði að segja um breytingarnar sem hún upplifði: „Ég var mjög hrædd, feimin og kvíðin manneskja og nú er ég breytt manneskja. Ég tala við mikið af fólki „randomly“ og á létt með að eignast vini og er bara ánægð.“

Nokkrir fleiri töluðu um sambærilegar jákvæðar breytingar á líðan og andlegri heilsu. Nokkrir lýstu hvernig þrátt fyrir að hafa upplifað vantraust og ótta við höfnun í byrjun fóru þau að treysta fólki í smiðjunni eftir því sem leið á. Einn notenda sem deilt hafði takmörkuðum væntingum í garð úrræðis í upphafi kom svo á orði: „Þetta var eitthvað sem mig vantaði en ég vissi það ekki og sé það núna. Það hefði hjálpað vini mínum að fara í brú. Ég finn að ég er miklu betri félagslega núna og hann væri örugglega betri ef að hann hefði líka farið.“

Almennt eru þau í meiri virkni, eru „uppátækjasamari“ og ekki jafn mikið „ein heima að leiðast.“ Nokkrir tjáðu að það að fara úr unglingasmiðju yfir í brúna hefði verið breyting sem hefði tekið tíma að aðlagast.

### Að hætta í unglingasmiðju/brúnni

Þegar rætt var um hvað þau sæju fyrir sér ef þau þyrftu að hætta í unglingasmiðju, hvort sem er vegna útskriftar eða lokunar komu fram blendnar tilfinningar. Meirihluti taldi sig muna upplifa söknuð og sorg, þó sumir í bland við þakklæti. Sumir lýstu kvíða og hræðslu yfir hvað gerist þegar þau hætta, svo sem hræðslu yfir að detta í gamalt far, verða aftur ein og missa tengslin.

Í eldri hópnum spruttu fram umræður um hversu erfitt það sé að geta ekki gengið að því sem vísu að hitta fólk reglulega. Sumir höfðu þó von um að geta haldið sambandi því þau hafa heyrt dæmi um að sumir sem kynnast í smiðju/brú séu áfram vinir. Að þau gætu nýtt það sem þau hafa lært og „bjargað sér.“ Þau deildu nokkrum lausnum um hvernig þau sæju fyrir sér að halda sambandi, t.d. nota hópsspjall og plana hittinga.

Eldri hópurinn sérstaklega hafði margar spurningar um mögulega lokun. Þau skildu ekki af hverju ætti að loka svona mikilvægri þjónustu, meðan ekkert annað væri í boði. „Erum við ekki framtíðin?“ Þau deildu áhyggjum sínum af hvað yrði um þjónustuna og sýndu mikinn vilja til að skilja hvort væri eitthvað sem hægt væri að gera til að koma í veg fyrir lokunina. Þau veltu upp leiðum til að vekja athygli á þessu: „Mig langar að fjölmiðlar tali um [að eigi að loka smiðjum] eins og "Svali er að hætta" að þetta sé út um allt, allir viti.“ Skilaboð hópsins voru skýr: „Ekki loka, þetta bjargar svo mörgum.“

### Einstakir þættir unglingasmiðja/brú

Eins og greint hefur verið frá var notendaferðalagið nýtt til að fá innsýn í upplifun notenda af þjónustunni á ólíkum tímamörkum í ferlinu en sömuleiðis sem kveikja af frekari umræðum. Þá var áhersla að fá frá þeim helstu þætti sem skiptu þau máli í þjónustunni, samanborið við önnur úrræði. Eftirfarandi er samantekt á þeim þáttum.

1. **Safe space** – Í smiðju/brú hittir þú krakka í sömu stöðu og getur treyst að ekki sé neinn að fara að koma sem lætur líða þér illa. Þau eru örugg og geta verið þau sjálf. Í venjulegri félagsmiðstöð getur hver sem er komið, fólk sem þau treysta ekki og dæma þig fyrir að vera öðruvísi. Margir töluðu um að þau myndu ekki vilja fara í venjulega félagsmiðstöð því þar væru krakkarnir sem lögðu þau í einelti. Það væri því einnig kostur að þetta sé fyrir ólíka skóla og hverfi. Einnig fannst sumum of margir vera í venjulegri félagsmiðstöð og of mikil læti, ekki jafn þægilegt umhverfi.
2. **Ekki ein – skipulagður félagskapur** – Í smiðju/brú er búið að safna saman hóp til að gera eitthvað saman, „Eitthvað sem ég hafði reynt en gat ekki gert.“ Hafa ekki haft færni í að eignast vini sjálf, hafa reynt eða þora ekki að reyna því þau vantroysta. „Í félagsmiðstöð er búið við því að þú eigir vini en ég á enga.“ Þar séu vinahópar sem mæta saman. Flest hafa upplifað sig utangarðs, en það hefur ekki verið raunin í smiðjunum/brúnni. „Mér leið svo illa og að ég væri ein en svo kom ég og fattaði að það væru fleirum sem liði svona og ég var ekki ein.“
3. **Rammi og fyrirsjáanleiki** - Hafa þörf fyrir að fá að vita fyrirfram hvað þau eru að gera, eru látin vita með sms og finnst það mikilvægt. Plan a og plan b kynnt fyrirfram – upplifa öryggi við það. Í venjulegri félagsmiðstöð er ekki fyrirfram plan sent á þau til að hvetja til að mæta.
4. **Upplifðu að væri hlustað** - Þau kunnu að meta að þau fá að hafa áhrif á dagskrána og eru spurð hvað þau vilji gera. Ef þau vildu ekki taka þátt í einhverju þá var því sýndur skilningur og þau fengu að gera eitthvað annað. Þetta sé ekki upplifun þeirra af almennri félagsmiðstöð þar sem gert ráð fyrir að allir séu til í að gera það sama.
5. **Hvetjandi og gott starfsfólk** – „Starfsfólki ekki drullusama“ eins og í venjulegum félagsmiðstöðvum. Upplifa að starfsfólk í félagsmiðstöðvum séu bara að mæta í vinnuna en í

smiðjum og brúnni að þar mæti starfsfólk út af því þykir raunverulega vænt um þau. Fyrir þau sé þetta ekki bara hver önnur vinna. Það nefndu sumir að það hjálpi að sumir starfsmenn hafi sjálfir verið í smiðju þegar þau voru yngri svo þau tengja við og treysta þeim.

### **Önnur úrræði sem þau hafa reynslu af:**

Dale Carnegie, KVAN námskeið, DnD hópar og aðrir nördahópar, Manga teikninámskeið, Nýsköpunarmiðstöð, Íþróttir, Baujan, venjuleg félagsmiðstöð og að fara til sálfræðings.

### **Rýnihópur með foreldrum 25.01.23**

Ellefu foreldrar tóku þátt í hálfstýrðum rýnihóp sem byggði umræður á framangreindum spurningum. Eftirfarandi er samantekt á upplifun foreldra á hvernig úrræðið hefur nýst börnum þeirra yfir ferlið og hvaða þættir hafa virkað í samanburði við önnur úrræði. Auk þess spruttu fram miklar umræður um fyrirhugaða lokun úrræðisins.

### **Aðstæður barns fyrir unglingsmiðju/brú**

Þegar rætt var um undanfara þess að sótt var um þjónustu í unglingsmiðju/brú kom fram að þó að þau sem sækja þjónustuna eigi sameiginlegt að glíma við félagslega einangrun voru vandamál þeirra margvísleg. Flest voru lögð í einelti í skóla, og mörg glímdu við andleg veikindi eins og þunglyndi, kvíða og félagsfælni, stunduðu sjálfskaða eða voru með alvarlegar sjálfsvígshugsanir. Aðrir voru einnig á einhverfurófi og með ADHD. Margir voru með sambærilega sögu og foreldri sem lýsti syninum „Var alltaf einn, það var búið að brjóta allt traust.“ Nokkrir foreldrar tjáðu að samskipti heima og í skóla væru erfið, námsárangur slæmur og voru dæmi um að barn sýndi árásargjarna hegðun.

### **Væntingar foreldra og barna til unglingsmiðju/brú**

Væntingar foreldra og barna þeirra til þjónustunnar áður en þau byrjuðu í henni voru blendar. Í fyrsta lagi var meirihluti sem þekkti ekki nógu vel til úrræðis og vissi því ekki við hverju mætti búast. Misjafnt var hvar þau heyrðu um úrræðið, ýmist frá grunnskóla, félagsráðgjafa eða stuðningsteymi. Í öðru lagi, vegna þess að þegar höfðu ýmis úrræði verið reynd sem virkuðu ekki eins og vonir stóðu til. Nokkrir foreldrar upplifðu mótþróa frá barni gagnvart því að mæta í fyrstu en eftir því sem það fór að mæta reglulega breyttist það og það vildi alltaf mæta, ólíkt reynslu frá öðrum úrræðum. Hér eru þrjú dæmi um það sem foreldrar höfðu að segja.

Foreldri A:

„[Barni] leist ekkert strax á þetta en svo frá fyrsta kvöldi var þetta fastur punktur og þarna lærir [hann] að treysta og lærir svona eðlilegri samskipti en hann hefur lært í skólanum. Þarna kynntist hann krökkum en þar fyrir utan þessi tvö kvöld var hann alltaf einn. Í dag eru hans bestu vinir þarna.“

Foreldri B:

„Þeir sem fara þarna inn eru börn sem eiga við félagsleg vandamál að stríða. Eins og með dóttur mína þá var ég búin að prófa að fara með hana á milljón og eitt námskeið, á sálfræðistofur, Foreldrahús og á Klóka krakka. Ég get talið endalaust hvað ég er búin að eyða miklum peningi og orku í svona en það kom aldrei eitt né neitt. Svo byrjaði hún þarna og hún bara gjörbreyttist. Ég hafði haldið upp á afmælið hennar og það kom einn, úr 30 manna bekk. Þannig þetta var rosalega sorglegt. Maður grét með barninu, hún var farin að skaða sig en svo komst hún þarna inn og það varð hennar líflína. Þessi börn eiga aldrei til með að labba inn í venjulega félagsmiðstöð. Aldrei. Þá getið þið bara sett þessi börn á stofnun.“

Foreldri C:

„Þegar hann byrjaði þá hafði hann engan áhuga á að fara. Svo eftir smá tíma fór það að breytast og núna þá er hann farinn að hringja í mig ef ég ætla að skutla og tékka hvort hvort ég ætli ekki

örugglega að koma. „Ég verð að komast í unglingasmiðjuna.“ Nú er hann alltaf svo rosalega til, en þetta er strákur sem vildi ekki fara neitt.“

Misjafnt var hvort að bíða þurfti eftir að komast að á biðlista og komust ekki allir að eins snemma og þau vildu.

### **Upplifun foreldra á unglingasmiðju/brú**

Foreldrar voru einróma um að upplifun þeirra af úrræðinu væri jákvæð. Það sem stóð sérstaklega upp úr væri að sjá félagslega einangruð börn þeirra loksins eiga sér samastað þar sem þau gátu tengst jafnöldrum sínum og lært að eignast vini. Í mörgum tilfellum var þetta eina tenging þeirra við jafnaldra. Þetta væri fastur punktur í þeirra lífi og margir töluðu um að að fara í smiðjuna/brúna væri hápunkturinn í lífi barnanna. Það að þau vildu yfirhöfuð mæta segði mikið: „Unglingur sem vill ekki fara neitt vill samt mæta þangað, það segir allt sem segja þarf.“

Annað sem allir sammæltust um að væri stór kostur væri að krakkarnir læra að takast á við hluti í raunverulegum aðstæðum og að gera „venjulega hluti“ sem þau ættu annars erfitt með að gera sjálf. Til dæmis að taka strætó niður í bæ. Þau þurfi að taka ákvörðun um hvað þau vilja borða, fari í búð og læri að elda saman. Auk þess að öðlast færni í heimilisverkum gefi þetta þeim færi til að læra að tjá sig og tækla jafnóðum ágreininga sem geta komið upp. Það að þurfa að umgangast alls konar fólk sem þú ert ekki endilega sammála sé gagnlegt.

Stórt þema í umræðunum var einnig það traust sem foreldrar sjá að börn hafi í garð hvors annars og starfsfólksins. Til marks um hversu mikið traust ríkir í hópnum er að allir foreldrar deildu þeirri upplifun að þegar þau spurðu þau hvað þau hefðu verið að gera í smiðjunni/brúnni þá fengu þau mjög lítið að vita því: „Það sem gerist í smiðjunum fer ekkert lengra.“ Foreldrar töluðu um að smiðjan/brúin væri þeirra „safe space,“ þar sem þeim líður öruggum og geta verið þau sjálf án þess að óttast að vera dæmd eða að það fari út fyrir hópinn.

Foreldrar deildu einnig jákvæðri upplifun af sjálfri dagskránni, þar sem lagt væri upp úr að hafa skemmtilegt prógram sem börnin tækju þátt í að móta með starfsfólkinu. Þau fengu að prófa ýmislegt nýtt, eins og bogfimi, og að kynnast nýjum áhugamálum. Starfsfólk væru stuðningsríkt og kæmu fram við börn eins og jafningja, ólíkt upplifun þeirra af öðrum úrræðum. Töldu þau hjálpa þeim að tengja við starfsfólk að sum höfðu sjálf verið í þeirra sporum og nýtt sér þjónustuna á sínum tíma. Þau væru fljót að grípa inn í ef upp kæmu ágreiningar eða önnur mál sem þyrfti að tækla og væru í góðum samskiptum við foreldra ef nauðsyn bæri til. Þau voru einnig ánægð með að börnin fengju regluleg einstaklingsviðtöl.

### **Breytingar sem hafa átt sér stað fyrir og eftir unglingasmiðju/brú**

Allir foreldrarnir voru sammála um að hafa séð breytingar á börnum sínum eftir að þau byrjuðu í þjónustunni og mörg sáu árangurinn koma fram fljótt. Eins og eitt foreldri kom að orði: „Breytingarnar á honum, veit ekki hvernig ég á að lýsa þessu – meira en svart og hvítt.“

Sameiginlegir þættir sem foreldrar töluðu um voru aukið sjálfsöryggi og frumkvæði, bætt almenn líðan og félagsleg samskipti. Stórar breytingar sem mætti að stórum hluta rekja til að þau ættu nú einhverja vini og samastað í smiðjunni/brúnni: „Þú getur ímyndað þér ef það er barn sem á ekki vini og alveg niðurbrotið eða á vini og er bara eitt bros.“ Þau átti sig betur á styrkleikum sínum, eins og unglingur sem hafði verið mjög lokaður og einangraður komst glaður að orði við foreldra sína: „Allir eru öðruvísi en það er líka gott því núna fatta ég það að sumir eru góðir í einhverju öðru, eru með sterka hlið.“



Eitt foreldri sagðist geta gengið svo langt að fullyrða að hún væri ekki viss um að barn sitt væri á lífi í dag ef ekki væri fyrir úrræðið og tóku þá fleiri undir þá upplifun.

„Ef hann hefði ekki byrjað þarna, ég bara ætla ekki að fara þangað í kollinum hvar hann væri, ég efast um að hann væri í lagi því það getur enginn unglingur gengið í gegnum lífið einn. Þarna eru allir á jöfnum grundvelli. Það væri svakalegt að taka þetta af þessum börnum.“

Foreldrar deildu ýmsum sögum um jákvæð áhrif á geðræn vandamál, svo sem á þunglyndi, kvíða og sjálfskaða. Foreldri sagði frá hvernig barnið sitt hefði ekki lengur þurft á kvíðalyfjum að halda eftir nokkra mánuði í unglingsmiðju. Annað sagði að barn sitt hefði hætt alveg að stunda sjálfskaða, sem hafði verið alvarlegur vandi og ekkert annað úrræði hefði borið árangur. „Barnið mitt vill halda áfram að lifa.“

Almennt væri líðan betri, þau sæju meiri lífsgleði og hamingju. Þau sáu líka mun á samskiptum barna við aðra, heima fyrir og í skóla og upplifðu að þau hefðu nú betri tól til að tjá sig og þarfir sínar. Sem dæmi um bætt samskipti lýsti foreldri hvernig barn sitt hefði einn daginn komið heim og spurt „Hvernig hefurðu þú það í dag þabbi minn?“ Barn sem hafði verið lokað fyrir og oft árásargjarnt í hegðun. „Hvað gerðu þau eiginlega við barnið mitt?“

Þau væru betri í umgengni, virkari heima fyrir og sýndu aukið frumkvæði í að hjálpa til við heimilisstörf.

Margir tóku einnig eftir mun á námsárangri svo sem því þau trúðu betur á eigin getu. Til dæmis foreldri sem lýsti því að einkunnir ruku úr þrem í sjö eftir að hafa verið í úrræðinu: „Ef þú ert glaður, þá líður þér betur í skólanum og þá gengur þér betur að læra.“

### **Ástæður þess að unglingsmiðjur/brú virkuðu betur en önnur úrræði**

Foreldrar ræddu ýmis önnur úrræði sem þau hefðu reynt af; sálfræðitímar, heimilislæknir, félagsráðgjafar, skólaþjónustan, kvíðalyf og önnur geðlyf, afmörkuð námskeið, t.d. félagsfærninámskeið, sjálfstyrkingarnámskeið og kvíðanámskeið, Dale Carnegie, Hitt húsið og venjulegar félagsmiðstöðvar.

Þeir þættir sem foreldrar telja að gefi unglingsmiðjum/brúnni eitthvað umfram aðra þjónustu eru:

**Að tilheyra hóp** – grunnþörf mannsins að tilheyra, þá sérstaklega hóp jafningja. Skipti máli að hitta krakka í sambærilegri stöðu sem eru jafnaldrar og að þau upplifa sig þá ekki ein. Upplifi að þau séu á sama „level“ eða eins og einn unglingur kom að orði: „Við erum öll bara dálítið skrítin.“

Þau fái þar aðstoð við að kynast krökkum og það utanumhald í hópamyndun sem hvergi er annars til staðar.

**Starfsfólkið** - Starfsfólk í smiðjunum/brúnni mætir þörfum þessa hóps með jafningjanálgun og veitir viðeigandi stuðning og skilning sem þau upplifa ekki frá öðrum úrræðum. „Þetta er það sem er skynsamlegast þar sem starfsfólkið er að taka utan um krakkana og vinna með þeim.“

Svo sem í félagsmiðstöðum sé fjöldinn svo mikill að starfsfólk „hefur ekki tíma til að sinna þeim, samskipti við aðra krakka eru ekki að fara að gerast. Því fyrir suma krakka eru samskiptin alla vega til að byrja með fyrst og fremst við starfsfólkið.“ Starfsfólk smiðju/brú „kveikir á tengingunum.“

Valdadýnamíkin er oft önnur þar sem fagaðilinn/námskeiðshaldarinn sé að segja þeim til og gefi þeim heimaverkefni. Reynsla af starfsfólki sé mun jákvæðari en úr öðrum úrræðum, samanber það sem foreldri hafði eftir barni sínu: „Einu sinni kom sonur minn út frá einum læknum og sagði:

Pabbi, þessi læknir fékk læknaleyfið sitt í Cheerios pakka.“ Annað foreldri talaði um neikvæða reynslu af skilningsleysi af hálfu fagaðila og lélegum árangri:

„Búið að reyna alls konar sem hafði enginn áhrif. Á tímibili þá fór ég með dóttur mína að hitta sálfræðing upp á heilsugæslu og það var bara það versta sem ég gat boðið dóttur minni. Hún fór hágrátandi inn og kom hágrátandi út og sagði „þarf ég endilega að fara til þessar ógeðslegu konu aftur?“ Af því að hún sagði bara: „Það er ekkert að þessu barni.“ Hún var bara leiðinleg við hana og hunsaði hana. Hvurslags sálfræðingur er það? Eins og ég sagði var ég búin að fara með hana á milljón og eitt námskeið og jú jú hún var alveg tilbúin að fara en það var aldrei áhugi. Aldrei neinn árangur af einu eða neinu.“

**Hafa rödd** - Þau fá að hafa áhrif á dagskrána og gera hluti á sínum forsendum. „Þau [starfsfólk] taka þau ein afsíðis undir fjögur augu og ræða saman; “Hvernig líður þér? Hvernig finnst þér að vera hérna? Er eitthvað sem betur má fara? Þau fá að segja sína skoðun.“

**Umhverfið/aðstæðurnar** – Foreldrar telja að skipti máli að börnin séu tekin úr því umhverfi sem þau eru í dagsdaglega og upplifa vanlíðan í. Eins og foreldri lýsti: „Það er verið að taka þau úr aðstæðum, það geta verið vandamál heima fyrir eða í skólanum, í vinnuhópnum, í félagsmiðstöðinni. Það er verið að taka þau úr aðstæðunum til að þau finni öryggi.

„Út úr þessu umhverfi sem þau eru dagslega í vernduðu umhverfi og ná þá vel til þeirra og þá er þetta byrjunin fyrir þau að halda áfram að þróa félagsleg samskipti því þau ná aldrei að þróa það í umhverfi sem þau þrífast ekki í“.

Umhverfið sé rólegt og hóparnir minni en t.d. í skóla og félagsmiðstöðvum. Það skipti líka máli að það sé heimilislegt en ekki klínískt umhverfi. Sum börn eru ekki tilbúin til að viðurkenna að þau eigi við félagslegan vanda að stríða og telja sig því ekki þurfa á hefðbundinni hjálp að halda, s.s. hjá sálfræðingi. Fyrir þá krakka sérstaklega skiptir því máli að andrúmsloftið í unglingsmiðjunum/brúnni er ekki stofnanalegt, svo þau séu frekar tilbúin að samþykkja að gefa þessu tækifæri.

**Regla** - Það skiptir máli að halda þeim í reglulegri virkni og samskiptum. Smiðjan/brúin sé ákveðinn fastur punktur í lífinu þar sem þau geta gengið að því sem vísu að mæta í styðjandi umhverfi og hitta aðra. Þó önnur afmörkuð úrræði geti aðstoðað við að vinna úr félagsfælni og slíku þá séu slík námskeið bara í afmarkaðan tíma og sé ekki möguleiki á framhaldi eða að kynnast betur utan úrræðisins. Reglulega virknin skiptir máli, eins og eitt foreldri lýsir: „Eins og núna er smá bakslag sem ég tengi við jólafrí og að þá riðlaðist rútínan... Við vitum bara ef þú kemur þér út úr húsi, ferð í göngutúr eða sund og hittir vini þá líður þér betur og kemur ánægður til baka. Ef þú ert ánægður þá ertu meira tilbúin að gera hluti og eiga samskipti...Nákvæmlega eins og ef við missum úr líkamsrækt þá dettum við úr formi. Þannig þetta er líka spurning um að það þarf að viðhalda.“

**„Venjulegar“ félagsmiðstöðvar henta þessum hópi alls ekki.** Það kom hiti í hópinn þegar rætt var um samanburð við hefðbundna félagsmiðstöð. Foreldrar voru ákveðin um að þar sem flest hafa orðið fyrir miklu einelti af hendi jafnaldra í skólaumhverfinu myndu þau aldrei vilja mæta í „venjulega félagsmiðstöð“. Þar skorti utnumhaldið og hvatninguna sem þau þurfi, dagskrá sé frjálssari en ekki sniðin af þeirra þörfum og „gert ráð fyrir því að þau eigi vini.“ Vínahópar og samskiptamynstur hafi þegar myndast í skólaumhverfinu og ómögulegt fyrir þessa krakka að finna sig í slíkum aðstæðum, þar sem þau upplifa mikinn félagskviða og fá ekki viðeigandi stuðning. Auk þess eru sum þeirra með raskanir á borð við einhverfu, ADHD og fl. og skynáreiti í félagsmiðstöðvum henti illa, t.d. hávaði, ljós, mannmergð og fleira sem hefur áhrif á vanlíðan þeirra.

### **Umræður um lokun unglingsmiðja/brú**

Mjög mikil óánægja er með fyrirhugaða lokun og komu fram ýmsar neikvæðar tilfinningar í hópnum þegar möguleg lokun var rædd; reiði, vonbrigði, örvænting, höfnun, heift og hræðsla. Eftirfarandi þættir sköpuðu mesta óánægju:

**Ákvörðunin sjálf** - Foreldrar upplifa að þeir aðilar sem taka ákvarðanir um niðurskurðinn viti ekki almennilega út á hvað úrræðið gengur í ljósi tillaga um að færa þjónustuna inn í „venjulegar félagsmiðstöðvar“. Eins og greint var frá hér að ofan, telja foreldrar fullvíst að það muni aldrei ganga fyrir þennan hóp og tillagan beri vott um vanþekkingu á viðkæmum notendahóp. Að sama skapi upplifa foreldrar að skorti skilning á hversu mikið sé í húfi fyrir þá sem sækja þjónustuna, sem sé „líflína barnanna og að þarna eru raunveruleg líf í húfi.“ „Þessi börn eru ekki bara tölur í excel skjali.“

**Hvernig þau fengu fréttirnar** - Sérstök óánægja var með hvernig þau og börn þeirra fréttu af ákvörðun um lokun vegna niðurskurðar því það var fyrst í fjölmiðlum. Það væri einstaklega erfitt fyrir þau sem eiga svo erfitt með óvissu og breytingar. Lýsti eitt foreldri hvernig hefði tekið tvo daga að ná barni niður aftur eftir að hafa séð fréttirnar.

**Fjármunir** - Margir settu spurningarmerki við hvort um raunverulegan sparnað væri að ræða til lengri tíma litið þar sem um snemmtæka íhlutun er að ræða. Ef þessir krakkar væru ekki í unglingsmiðju/brú yrðu þau dýrari fyrir ríkið/velferðarþjónustu/borgina seinna meir. Börnin þurfi sömuleiðis síður inngríp af hálfu félagsþjónustu, sálfræði- eða lyfjameðferðar ef þau hafa unglingsmiðju/brú, og/eða eru móttækilegri fyrir öðrum úrræðum þegar að búið er að vinna þessa mikilvægu grunnvinnu í að treysta öðrum og tjá sig. Foreldrar telja það góð rök fyrir því að skera frekar niður annars staðar.

**Lausnir** - Foreldrar deildu þó hugmyndum sínum af lausnum og sýndu fram á mikinn vilja til að taka þátt í frekara notendasamráði um tækifæri til að viðhalda úrræðinu. Þær lausnir sem mest voru ræddar voru tillögur um greiðslur fyrir þjónustuna. Allir þátttakendur rýnihóps voru einróma um að þeir myndu frekar greiða fyrir þjónustuna (sem er frí í dag) en að henni yrði lokað. „Væri glöð með að borga 5. 000 kr. fyrir kvöldið. Það væri besti 5000 kall sem ég gæti eytt. Fleiri tóku undir: „Það eru allir foreldrar tilbúnir að borga fyrir gott úrræði sem hjálpar barninu.“ Velt var upp þeim möguleika á að nýta frístundastyrk upp í þjónustugjöld, þar sem flest þessara barna stunda ekki hefðbundið íþróttastarf eða aðrar tólmstundir og eru ekki að nýta styrkinn sinn.

### **Hvað mætti betur fara í unglingsmiðjum/brú?**

Foreldrar höfðu ekki margar ábendingar um það sem betur mætti fara þar sem almennt er mikil ánægja með starfið eins og það er í dag. Foreldrar telja starfsemina mjög mikilvæga og ef eitthvað mætti laga væri það að opna fleiri úrræði, þar sem ekki allir komast að sem vilja.

Nokkrir nefndu það með tilliti til staðsetningar, að væri gott að hafa meiri möguleika að komast að í úrræði sem væri nær heimili. Nú þyrfti að skutla langt í mikilli umferð og þau kynnst vinum sem búa e.t.v. langt í burtu sem gerir erfiðara fyrir að hittast utan tíma.

Sumir foreldrar töluðu um að það mætti vera betri vettvangur fyrir foreldra að hittast, þar sem börnin þeirra eru að kynnst. Töluðu um að hefðu verið einhver foreldrakvöld en mætti vera kynnt betur og haldin reglulegar.

### **Fyrirvarar á niðurstöðum**

Hafa skal í huga að niðurstöður skulu túlkaðar í ljósi þess að gera má ráð fyrir ákveðinni valskekkju í þátttakendahópnum þar sem þau sem voru tilbún til að mæta eru líklegri en aðrir til þess að vera jákvæð í garð úrræðisins.

Einnig tóku umræður ekki til greina hverskonar snemmtækari íhlutun eða forvarnir fyrr á lífsskeiðinu hefðu mögulega getað komið í veg fyrir að félagsleg einangrun barnanna yrði svo alvarleg að þörf var á úrræðinu.